

**SKÝRSLA**  
**UMBOÐSMANNS BARNNA**  
**1. janúar 2006 – 30. júní 2007**



*Skýrsla umboðsmanns  
barna fyrir tímabilið 1. janúar  
2006 - 30. júní 2007.*

**Útgefandi:**

Umboðsmaður barna  
Laugavegi 13  
101 Reykjavík  
Heimasíða: [www.barn.is](http://www.barn.is)  
Netfang: [ub@barn.is](mailto:ub@barn.is)  
2007

**Prentun og hönnun:**

Leturprent

## Til forsætisráðherra

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 83/1994 um umboðsmann barna hef ég látið taka saman skýrslu þessa um starfsemi embættisins.

Skýrsla umboðsmanns barna fyrir árið 2005 var með öðru sniði en verið hafði 1995- 2004. Eins og getið er um í inngangi hennar var það gert með vísan til sjónarmiða er lúta að kostnaði en þó ekki síður til þess að með tilkomu öflugri heimasíðu embættisins væri unnt að koma ítarlegum upplýsingum á framfæri með skilvirkari og aðgengilegri hætti en áður var gert í ársskýrslum embættisins.

Skýrsla þessi tekur til tímabilsins 1. janúar 2006 til 30. júní 2007. Undirrituð var skipuð umboðsmaður barna til fimm ára frá 1. janúar 2005. Í mars 2007 baðst undirrituð lausnar og var veitt lausn frá 1. júlí 2007. Af þeirri ástæðu þótti mér eðlilegt að gera yður grein fyrir starfsemi embættisins samfelld fyrir árið 2006 og þann hluta árs 2007 er ég gegndi því. Skýrslan er að öðru leyti með sama sniði og fyrir árið 2005, hvað varðar uppsetningu og efnistöð. Hún skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn er um embættið, hlutverk þess og rekstur. Í síðari hlutanum er fjallað um starfsemi þess í stórum dráttum og um nokkur verkefni sem unnið var að.

Nú þegar ég hef látið af embætti umboðsmanns barna vil ég þakka þeim fjölmörgu sem ég hef starfað með að málefnum barna fyrir gott og ánægjulegt samstarf og óska starfsmönnum embættisins og nýjum umboðsmanni barna, Margréti Maríu Sigurðardóttur, velfarnaðar í starfi.

Reykjavík, 17. september 2007



Ingibjörg Rafnar



# Efnisyfirlit

## I. UM EMBÆTTI UMBOÐSMANNS BARNA

Hlutverk

Skrifstofa og starfslið

Erindi

Heimasíða

## II. STARFSEMI EMBÆTTISINS

Fjölskyldumál og barnavernd

Heilbrigðismál

Skólamál

Vinna barna og unglunga

Börn og fjölmiðlar

Auglýsingar og aukin markaðssókn gagnvart börnum

Börn af erlendum uppruna

Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

Innlent samstarf

Erlent samstarf

Samsstarfssamningar

Kynning og fræðsla

Útgefið efni

Lagabreytingar til hagsbóta fyrir börn og fjölskyldur þeirra

## Viðauki



# I. UM EMBÆTTI UMBOÐSMANNS BARNA

*Embætti umboðsmanns barna var stofnað með lögum nr. 83/1994 og hóf starfsemi þann 1. janúar 1995. Skrifstofa embættisins er að Laugavegi 13, 2. hæð og er hún opin almenningi frá kl. 9-15 frá mánudegi til föstudags.*

## Hlutverk

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna er embættinu ætlað það veigamikla hlutverk að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Umboðsmanni barna er ætlað að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, hagsmuna og þarfa barna, jafnt hjá opinberum sem einkaaðilum á öllum sviðum samfélagsins og bregðast við ef brotið er gegn þeim. Honum er m.a. ætlað að vera málsvari barna, hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um málefni þeirra, setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum er varða börn sérstaklega og kynna almenningi löggjöf er varðar börn. Embættinu er hins vegar ekki ætlað að hafa afskipti af málefnum einstakra barna en ber að leiðbeina þeim er til embættisins leita með slík mál um rétt þeirra og hvernig unnt er að ná honum fram innan stjórnýslu og hjá dómstólum.

## Skrifstofa og starfslið

### Fjárhagur


Ljóst er að hlutverk embættis umboðsmanns barna er viðamikl og verksvið þess víðfeðmt. Hins vegar hafa fjárheimildir og fjöldi stöðugilda sniðið starfsemi þess þröngan stakk. Hjá embættinu hafa starfað þrír fastir starfsmenn að umboðsmanni meðtöldum og hefur fjöldi stöðugilda verið óbreyttur frá árinu 1996. Í fjárlögum fyrir árið 2003 voru fjárheimildir auknar nokkuð og þá til að mæta kostnaði við að ráða sérfræðinga til einstakra verkefna, kostnaði vegna upplýsingamiðlunar og útgáfu á vegum embættisins og til að halda og sækja fundi innanlands og erlendis.

Fjárheimild embættis umboðsmanns barna samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2006 nam 27,3 milljón-

um króna. Um 70 % rekstrarkostnaðar þess er launakostnaður.

Erindum sem berast embættinu hefur fjölgað mikið á andanförnum árum. Þó mörg þeirra varði málefni einstakra barna og séu því ekki til úrlausnar hjá embættinu þá hvílir á því leiðbeiningarskylda eins og áður segir. Jafnframt geta slík mál haft almenna skírskotun sem leiðir til frekari skoðunar af hálfu embættisins.

Þegar litið er til þess sem að ofan greinir þarf ekki að koma á óvart að dagleg störf ráðast um of af utanaðkomandi áreitum. Minna hefur farið fyrir því að embættið geti sýnt það frumkvæði, sem því er ætlað í lögum. Þrátt fyrir að tekið hafi verið upp samstarf við ýmsa aðila sem vinna að málefnum barna í samfélaginu til að fjármunir og starfskraftar á því sviði nýtist sem best, er ljóst að ef embætti umboðsmanns barna á að gegna því metnaðarfulla hlutverki sem því er ætlað í lögum og væntingar almennings standa til, þá þarf að efla embættið til muna. Því óskaði umboðsmaður barna eftir því að fjárveiting til embættisins fyrir árið 2007 yrði hækkuð, svo ráða mætti háskólamenntaðan sérfræðing í fullt starf frá 1. janúar 2007 að telja. Það gekk eftir og nam fjárheimild samkvæmt fjárlögum 2007 34,2 milljónum króna.



Á meðfylgjandi mynd má sjá yfirlit yfir fjárheimildir fjárlaga frá árunum 2000 - 2007.

*"Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst."*

*3. mgr. 76.gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944*

*Sáttmáli Sameinuðu Þjóðanna um réttindi barna gildir fyrir börn og unglinga yngri en átján ára.*

*úr 1. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*

## Starfsmenn

Þann 1. ágúst 2006 tók til starfa nýr starfsmaður hjá embættinu sem ráðinn var í 100% stöðu tíma- bundið til áramóta 2006/2007. Að fenginni aukinni heimild í fjárlögum starfa nú fjórir starfsmenn hjá embættinu í 3,85% stöðugildum.


## Erindi

Dagleg störf á skrifstofu umboðsmanns barna ráðast mikið af þeim erindum sem berast embættinu. Erindi þessi eru af margvíslegum toga og eru það ýmist einstaklingar, stofnanir, félagasamtök eða fjölmiðlar sem til umboðsmanns leita eftir upplýsingum og ráðgjöf. Málaflokkarnir eru margir og fjölbreytilegir enda koma hagsmunir barna við sögu á flestum sviðum þjóðlífsins. Þó hafa ákveðnir málaflokkar skorið sig úr í gegnum tíðina varðandi fjölda erinda en það eru forsjár- og umgengnismál, barnaverndarmál, skólamál og heilbrigðismál.

Líkt og áður er vikið að er umboðsmanni barna ekki ætlað að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga eða mál einstaklinga sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum eða dómsstólum. Stór hluti þeirra erinda, er berast embættinu símleiðis og í tölvupósti varða þó slík mál. Kappkostað er að veita þeim, sem leita til skrifstofunnar með sín mál, eins greinargóðar upplýsingar, leiðbeiningar og ráð og unnt er.

## Skrifleg erindi

Skriflegum erindum hefur fjölgað mikið á síðustu árum en þeim er berast símleiðis fækkað nokkuð. Þetta má að líkindum fyrst og fremst rekja til þess að samskipti manna eiga sér í æ ríkari mæli stað með tölvupósti.




Á árinu 2006 bárust 381 skriflegt erindi og á fyrstu sex mánuðum ársins 2007 bárust 181 skriflegt erindi sem aðallega voru frá einstaklingum en þó

einnig frá stofnunum og félagasamtökum. Erindum sem embættinu berast á þennan hátt er reynt að svara svo fljótt sem auðið er.

## Erindi frá börnum

Allt frá stofnun embættisins hefur verið lögð áhersla á það að ná til barna og unglinga til þess að heyra þeirra skoðanir og fá ábendingar um það sem þau telja að betur megi fara. Erindum frá börnum hefur fjölgað mikið frá árinu 2000. Árið 2004 voru þau sérstaklega mörg en þá var ráðist í viðamikla kynningu á heimasíðunni, [www.barn.is](http://www.barn.is). Mikilvægt er fyrir embætti sem vinnur í þágu barna og börnin sjálf að þau geti leitað þangað með erindi sín með einföldum hætti og fengið upplýsingar um réttindi sín og skyldur. Ávallt er reynt af fremsta megni að svara fljótt og aðstoða þau og leiðbeina um þau mál sem á þeim hvíla. Börn sem leita til embættisins geta rætt við umboðsmann og aðra starfsmenn í fullum trúnaði. Þó ber að geta þess að starfsmenn embættisins eru bundnir af reglum barnaverndarlaga um tilkynningarskyldu líkt og aðrir þjóðfélagsþegar.

Erindi barnanna berast flest með tölvupósti, ýmist á netfang embættisins, [ub@barn.is](mailto:ub@barn.is) eða í gegnum „spurt og svarað“ á heimasíðunni. Þegar erindi berst undir seinni liðnum getur barn ráðið því hvort svar við því birtist á heimasíðunni [www.barn.is](http://www.barn.is) eða hvort viðkomandi fái sent persónulegt svar á netfang sitt. Ekki er farið fram á að börn gefi upp nafn eða aðrar persónulegar upplýsingar um sig. Svör við spurningum frá börnum og unglingum er hægt að lesa á barna- og unglingasíðum á heimasíðu embættisins.



Á árinu 2006 bárust 116 erindi frá börnum sem flest tengdust spurningum um réttindi þeirra og fyrstu sex mánuði ársins 2007 bárust 35 erindi frá börnum.

*Er það í lagi að foreldrar manns öskri á mann og lemji mann þegar maður gerir ein mistök? Því það gerðist fyrir mig.  
11 ára drengur*

*Af hverju er ekki stelpur og strákar með sér skóla????? Það myndi vera miklu betra  
11 ára stúlka*


*Mér finnst stundum eins og mömmu minni þykji nákvæmlega ekkert vænt um mig! Ég veit að það er bara bull en stundum liður mér eins og enginn skilji mig og ég sé alveg ein. Ég á frábærar vinkonur en stundum er það ekki nóg, ég missti þabba minn fyrir 5 árum og stundum verið strítt á því!! Mér liður oft ekkert vel. Ég er 167 á hæð og ekki eðlileg í vexti!! má ég fá einhverjar ráðleggingar um svona hluti  
13 ára stúlka*

*Hæ, frábær síða hjá ykkur! En hérna ég er 13 ára stelpa og mér finnst ég alveg rosalega feit!!! Ég er kannski ekkert eitthvað feit en mig langar svo að vera svona "purfekt" og sæt! Hvað á ég að gera? Ég er alltaf úti að labba og svona en svo stenst ég aldrei það sem er óhollt!!  
13 ára stúlka*



## Munnleg erindi

Símaerindi sem embættinu berast eru skráð sérstaklega og efnisflokkuð. Slík skráning er gagnleg því hún gefur ákveðna vísbendingu um hvar skórinn krepur í málefnum barna og jafnvel tilefni til aðgerða af hálfu embættisins.



Á árinu 2006 bárust 746 munnleg erindi og fyrstu 6 mánuði ársins 2007 hafa borist 331 erindi. Hægt er að merkja ákveðna fylgni milli fjölda erinda sem berast embættinu og kynningar á embættinu eða umfjöllunar í fjölmiðlum.

## Heimasíða

Eins og fram kemur í ársskýrslu fyrir árið 2005 var hafin vinna við endurbætur á heimasíðu embættisins þá um haustið. Ný heimasíða embættisins [www.barn.is](http://www.barn.is)<sup>1</sup> var tekin í notkun í desember 2006 eftir gagngera endurskoðun og breytingar. Nýja síðan er töluvert frábrugðin þeirri gömlu og er ætlað að þjóna sem almennur gagnagrunnur um réttindi og skyldur barna og hvaðeina sem varðar

**UMBODSMADUR BARNA**

Fréttir | Um embættið | Lög og reglur | Barnasáttmálin | Utgefið efni | Fréttir | Fróðleikur | EFTIRSKIL | Sjúka letarar hér

Algengdæmi er frá 9:00 til 15:00 alla virka daga

### Hlutverk umbodsmanns barna

Umbodsmður barna vinnur að því að bæta hag barna. Það er að tryggja góða velferð barna, þeirra og fagmanna á öllum sviðum samfélagsins. Umbodsmanni barna er ekki ætlað að skipta sér af mállum einstakra barna. Hins vegar leðberni umbodsmáður, eða starfsfólk hans, öllum sem til áhrifstofunnar leita um hvert hægt er að snúa sér til að fá aðstoð við að leysa þin máli.

Tilvar um embættið

### Krakka síða

### Unglinga síða

**Fréttir og tilkynningar**

- 04. september 2007: Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu heimsóttur
- 01. september 2007: Utivistartími barna
- 24. ágúst 2007: Svævingar í tenniskvæðinu fyrir börn
- 23. ágúst 2007: Skoðanir leikskólabarna
- 13. ágúst 2007: Umbodsmáður heimsækir samstarfsaðila

**Fróðleikur**

- 21. ágúst 2007: Skólabörn í umferðinni
- 05. júlí 2007: Öfbeldi á bílsnan – Niðurstöður tilvísningar vaxandiáttar
- 26. júní 2007: Forsjá barna úr skóluhúsi og sambandsáritum 2006
- 18. júní 2007: Hagsmunir barna og foreldra fara ekki alltaf saman
- 11. maí 2007: Foreldrar varneta hlífðverk barna

**Málaflokkar**

Fjalskyldan	Heilsa og lídan	Kynlífi	Barnavæðing
Leikskólinn	Fjölmislar	Fjármál	Öfbeldi
Grunnskólinn	Tölvur og GSM	Afbrot	Einfelt
Framhaldsskólinn	Markaðssetning	Öryggi	Heimilisöfbeldi
Leiksvæði barna	Vinnuefni	Vinna	Kynferðisöfbeldi

Umbodsmáður barna - Laugaveg 13, 2. hæð, 101 Reykjavík - Sími: 552.0999 - Faxi: 552.0966 - Gjaldfrjálgt númer: 800.5999 - Netfang: ub@barn.is

<sup>1</sup> Einnig er hægt að fara inn á heimasíðuna í gegnum [www.umbodsmadurbarna.is](http://www.umbodsmadurbarna.is).

hagsmuni þeirra. Heimasíðan er þrískipt, þ.e. almenn upplýsingasíða fyrir fullorðna, unglingsíða og barnasíða enda ljóst að áherslur og fyrirspurnir frá þessum hópum eru afar mismunandi.

Á síðum, sem einkum eru ætlaðar fullorðnum, er að finna upplýsingar um lög og helstu reglur sem gilda um hina ýmsu málaflokka, upplýsingar um réttindi og skyldur barna og ábyrgð hinna fullorðnu. Þá eru tenglar inn á heimasíður samtaka og stofnana sem að málaflokkunum koma og geta veitt aðstoð og enn frekari upplýsingar. Ein af meginskyldum foreldra er að vera í fyrirsvári fyrir börn

sín og gæta hagsmuna þeirra í hvívetna. Til þess að þeir geti staðið undir þeirri ábyrgð þurfa þeir að vera vel upplýstir um réttindi barna sinna og skyldur sínar og annarra gagnvart þeim.

Á barna- og unglingsíðunum er reynt að hafa upplýsingar þannig úr garði gerðar að þær séu aðgengilegar og höfði til viðkomandi aldurshópa. Þar eiga börn og unglingar að geta aflað sér upplýsinga um réttindi sín og skyldur á einfaldan hátt og jafnframt séð hvert hægt er að leita til þess að fá aðstoð eða þjónustu. Heimasíðan er enn sem fyrr vettvangur fyrir börn og unglinga til þess

**UMBODSMADUR BARNNA**

Hjálparstjórn | Aðalíða umbodsmanns barna | Unglingsíðan | Umbodsmadur barna | Aðstoð í heili | Gleifið leikunum þín

Afgreiðslutími er frá 9:00 til 15:00 alla virka daga

**Skodanaleikinn**  
 Átt þú besta vin eða vinkonu?  
 Já  
 Nei  
 Kjör

**Spurningin**  
 Hvað finnst þér?  
**Hvernig eru góðir kennarar?**  
 Svör

**Spurt og svarab**  
 Hér getur þú spurt umbodsmann barna um réttindi þín og skyldur og komið reyndu þinni eða skodunum á framfæri.  
 Þú getur líka skolað spurningar sem aðrir hafa sent og svarað umbodsmanni við þeim.  
 Deila

**Sendið okkur**  
 Teikningar | Afbendingar  
 Sögur, ljóð o.fl.  
 Skoðu innsent efni

Tónlist | Leikir | Litabók  
 Börn heimasína | Netið og GCM | Skólinn  
 Litla Lúghólin | Spurninga þrast | Barna-sáttmálinn

**Umbodsmadur barna...**  
 ... vinnur að hagsmunamálum barna almennit séð en ekki að málum einstakra barna  
 ... leiðbeinir og gefur ráð hvert börn geta leitað til að ná fram réttlí sínum  
 ... kemur með ábendingar og tillögur til úrbóta sem snerta hæg barna á öllum sviðum samfélagsins  
 ... vill fá að vita hvað börn eru að hugsa og hvað þeim finnst um ýmsa hluti sem snerta þau og nánasta umhverfi þeirra

**1717**  
 Hjálparsími  
 Rauða krossins  
**112**  
 Neyðarlínan

Umbodsmadur barna - Laugaveg 13, 2.hæð, 101 Reykjavík - Sími: 552 6999 - Fax: 552 6966 - Gæðfrjálst númer: 003 5999 - Netfang: ub@bam.is

að koma skoðunum sínum og ábendingum á framfæri og beina fyrirspurnum um réttindi sín til umboðsmanns.

Stefnt er að kynningu á nýju heimasíðunni á haustdögum 2007 og mun hún vonandi nýtast börnum, foreldrum sem og öðrum vel.

## Heimsóknir á heimasíðu

Heimsóknum á heimasíðu embættisins hefur fjölgað jafnt og þétt ár frá ári og voru þær að meðaltali 5017 á

mánuði árið 2005, um 7000 á mánuði árið 2006 og um 10.000 á mánuði það sem af er ári 2007.

Tilgangurinn með endurbótum á heimasíðunni var m.a. sá að þeir sem hana heimsækja fái þar á aðgengilegan hátt ítarlegar upplýsingar og svör við þeim spurningum sem þeir myndu ella beina til embættisins símlíðis eða í tölvu-pósti. Þá einfaldar það vinnu starfsfólks að geta vísað á upplýsingar á heimasíðu og kemur til með að létta á þeim þætti starfsins sem aftur skapar svigrúm til þess að sinna öðrum mikilvægum verkefnum.

**UMBODSMADUR BARNA**

Hvernig umboðsmanninn hefur | Alþjóða umboðsmannasamtök | Krákka-veitinn | Lán umboðsmannasamtök | Alþjóði í boði | Grafík leitarorðs

**0-18** Hvernig mátt þú hvernig?

Hvernig getur þú haft áhrif?

Skóli og réttindi nemenda

Barnasáttmálinn

Lög unga fólksins

Hvað veistu?

Fjármál

Vinna

**Skóðanakönnun**

Ert þú einmans?

- Nei, aldrei
- Stundum
- Já, oft

Kjóra

**Spurt og svarað**

Hér getur þú spurt umboðsmann barna um réttindi þín og skyldur og komið reyntu þessi eða skóðanum á framfæri.

Þú getur líka skóað spurningar sem aðrir hafa sent og svör umboðsmanns við þess.

Opna

**Spurningin**

Stundar þú reglulega hreyfingu?

Svara

**Sendu okkur...**

Teikningar

Ábendingar

Sögur, ljóð o.fl.

Skóða innviert eða

Netið, GSM og tölvuverk

Tómstundir

Ýmislegt um börn & unglings

**HVERNÆR MÁ EG HVAD?**

TOTALRÁÐGJÖF

Vantar upplýsingar um réttindi eða ráðgjöf?

Kynlífi og sambönd	Erfíleikar í skólanum	Einkeli
Heilsa og lífan	Vinnufni	Heimilisofbeldi
Barnavernd	Alþjóði í boði	Kynferðisofbeldi
Fjármál	Skólakvæð foreldra	Ástvinarmissir
Vinna	Ný sambönd foreldra	Alþrot

**1717**  
Hjálparsími  
Rauða krossins  
**112**  
Neyðarlínan

Umboðsmann barna - Laugaveg 13, 2.hæð, 101 Reykjavík - Sími: 552 8999 - Fax: 552 8966 - Gæðfrjálát númer: 800 5999 - Netfang: ub@barn.is





Verk eftir börn sem tóku þátt í listasmiðjunni  
Gagn og gaman í Gerðubergi.

## II. STARFSEMI EMBÆTTISINS

*Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994 kveða á um lögbundin verkefni hans. Eins og áður er að vikið ráðast störf embættisins nokkuð af þeim erindum sem því berast. Jafnframt hefur umboðsmaður barna frumkvæði að því að taka tiltekin mál til skoðunar. Engin tók eru á að gera grein fyrir öllum þeim verkefnum sem unnið er að á ári hverju en hér á eftir verður gerð grein fyrir fáeinum málaflokkum sem geta gefið nokkra mynd af starfsemi embættisins.*

### Fjölskyldumál og barnavernd

Mjög mörg þeirra erinda sem berast embætti umboðsmanns barna varða forsjár- og umgengismál og barnaverndarmál. Erindin eru ólík og persónubundin en af þeim má ráða að rík þörf er á góðum aðgangi að upplýsingum og leiðbeiningum um efni og réttaráhrif barnalaga og barnaverndarlaga líkt og umboðsmaður barna hefur oft bent á. Á allra síðustu misserum hefur verið reynt að koma nokkuð til móts við þarfir almennings til upplýsinga í þessum efnum og má sem dæmi nefna ítarlegt upplýsingaefni á nýrri heimasíðu umboðsmanns barna.<sup>2</sup> Þá eru á vef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og vef sýslumanna mjög góðar almennar upplýsingar um barnalögin.<sup>3</sup> Á vef Barnaverndarstofu eru ítarlegar upplýsingar um efni og réttaráhrif barnaverndarlaga.<sup>4</sup>

### Forsjá

Samkvæmt íslenskum lögum fara foreldrar sameiginlega með forsjá barna sinna í hjúskap og sambúð og bera ríkar skyldur gagnvart þeim. Þann 30. júní 2006 tóku gildi breytingar á barnalögum nr. 76/2003 sem fela í sér að sameiginleg forsjá verður einnig meginregla eftir skilnað eða slit skráðrar sambúðar nema annað sé ákveðið. Í umsögn til allsherjarnefndar Alþingis dags. 1. desember 2005 lýsti umboðsmaður barna yfir stuðningi við þessa breytingu enda væri sameiginleg forsjá orðin meginregla hér á landi í reynd. (Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands kusu foreldrar 60,7% barna sameiginlega forsjá við lögskilnað árið 2004 og foreldrar 75,8 % barna við sambúðarslit.)

Í umsögn sinni lagði umboðsmaður m.a. áherslu

á nauðsyn þess að inntak sameiginlegrar forsjár yrði skilgreint nánar, skort hefði á leiðbeiningar og fræðslu um réttaráhrif og efni barnalaga og skyldur foreldra. Í meðförum allsherjarnefndar var gerð sú breyting á frumvarpinu að sýslumaður skal sérstaklega leiðbeina foreldrum um inntak sameiginlegrar forsjár og um þau réttaráhrif sem skráning lögheimilis barns hefur í för með sér. Í desember 2006 kom út á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins bæklingurinn „Forsjá“ sem fjallar m.a. um hvað sameiginleg forsjá barns felur í sér.<sup>5</sup>

Á því tímabili er skýrsla þessi tekur til var nokkur umræða um ábyrgð og skyldur foreldra og tók umboðsmaður barna tók þátt í nokkrum fundum þar sem fjallað var um það efni. Þann 5. mars 2006 flutti umboðsmaður erindi í Hallgrímskirkju um rétt barna og skyldur foreldra. Þann 16. nóvember 2006 flutti umboðsmaður erindi um ábyrgð foreldra í Víðalínaskirkju á málþingi Garðasóknar með starfsfólki leikskólanna í Garðabæ. Þann 14. mars 2007 var haldið málþing í Flataskóla á vegum bæjarstjórnar Garðabæjar „Í leikskóla er gaman en....“ þar sem fjallað var um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs, samveru barna við foreldra sína og þjónustu við börn og barnafjölskyldur. Þar flutti umboðsmaður erindi um skyldur foreldra og réttindi barna.

Þá efndi Norræna húsið og sænska sendiráðið til málþings í apríl 2007 í tilefni aldarafmælis rithöfundarins Astrid Lindgren undir yfirskriftinni „Réttur barna til foreldra“. Frummælendur á málþinginu voru auk umboðsmanns barna frú Vigdís Finnbogadóttir, Lena Nyberg, umboðsmaður barna í Svíþjóð, Vigdís Erlendsdóttir, forstöðumaður Barnahúss og Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur.

*„Aðildarríki skulu gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Foreldrar, eða lögráðamenn, ef við á, bera aðalábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska. Það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga.“*

1. mgr. 18. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

*„Foreldrum ber að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum.“*

1. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003

*„Barn á rétt á að þekkja báða foreldra sína.“*

úr 1. gr. barnalaga nr. 76/2003

*„Barn á rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja, uns það verður sjálfráða og eru þeir forsjárskyldir við það. Foreldri sem fer eitt með forsjá barns síns er skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema hún sé andstæð hag og þörfum barns að mati dómara eða lögmæltis stjórnvalds.“*

5. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003

<sup>2</sup> Sjá [www.barn.is](http://www.barn.is) undir málaflokkunum "fjölskyldan" annars vegar og "barnavernd" hins vegar.

<sup>3</sup> Sjá [www.barn.is](http://www.barn.is), [www.domsmlaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/barnamal](http://www.domsmlaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/barnamal), [www.syslumadur.is](http://www.syslumadur.is) [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is)

<sup>4</sup> Sjá [www.bvs.is](http://www.bvs.is)

<sup>5</sup> Sjá [www.domsmlaraduneyti.is/frettilkygningar/nr/1441](http://www.domsmlaraduneyti.is/frettilkygningar/nr/1441)

## Meðlagsgreiðslur úr landi

Embættinu hafa á undanförunum árum borist erindi sem lúta að meðlagsgreiðslum vegna barna sem flytja tímabundið eða til frambúðar til útlanda. Á árinu 2003 var barnalögum breytt á þann veg að Tryggingastofnun er ekki lengur skylt að greiða meðlag til rétthafa meðlagsgreiðslna sem ekki eru búsettir hér á landi. Við framangreinda laga-breytingu varð gjörbreyting á innheimtu meðlaga vegna íslenskra barna búsettra erlendis þó hinn meðlagsskyldi búi hér á landi og hefur innheimtan verið í höndum forsjarforeldra sjálfra frá 1. nóvember 2003.

*Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra barn sitt. Framfærslu barns skal haga með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barns.*  
1.mgr. 53.gr.barnalaga nr. 76/2003

*"Forsjá barns felur í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi."*  
2.mgr. 28.gr. barnalaga nr. 76/2003

*Hafi barn verið beitt ofbeldi ber að hjálpa því og styðja það til nýs og betra lífs.*  
úr 19. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

*"Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska."*  
1. mgr. 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002

Með lögum nr. 78/2004 um breytingu á lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar var reynt að koma til móts við hagsmuni þessa hóps. Í þeim lögum var annars vegar veitt heimild til að setja reglugerð um framkvæmd 59. gr. laganna, þar sem m.a. yrði kveðið á um fyrirframgreiðslu meðlags þegar foreldri eða börn eru búsett erlendis og hins vegar var veitt heimild til að semja um fyrirframgreiðslu meðlags í samningum við erlend ríki skv. 64. gr. greindra laga.

Í apríl 2005 sendi umboðsmaður barna fyrirspurn til Tryggingastofnunar ríkisins og Innheimtustofnunar sveitarfélaga þar sem m.a. var innt eftir því hvort slík reglugerð hefði verið sett eða væri í undirbúningi eða samningar verið gerðir við erlend ríki um framangreint. Var hvorugri stofnuninni kunnugt um að slík reglugerð hefði verið sett.

Á fundi með allsherjarnefnd Alþingis þann 31. janúar 2006 vegna frumvarps til laga um breyting á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar benti umboðsmaður barna á að taka þyrfti mál þetta til skoðunar.

Í byrjun maí 2007 ritaði umboðsmaður barna heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra bréf þar sem hann hvatti ráðherra til þess að setja reglugerð á grundvelli lagaheimildarinnar, sem tryggja öllum börnum sama rétt til meðlagsgreiðslna óháð búsetu, þ.e. ef meðlagsskyldur aðili býr og starfar hér á landi. Í svarbréfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, dags. 13. júní 2007 segir að unnið sé að undirbúningi slíkrar reglugerðar en það krefjist samráðs við hlutaðeigandi stofnanir og ráðuneyti og hafi því tekið nokkuð langan tíma.

## Aðgerðaáætlun gegn heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi

Rétt er að vekja athygli á aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis gegn konum og börnum sem samþykkt var í ríkisstjórn í september 2006 en vinna við hana hafði staðið síðan í október 2005.<sup>6</sup> Að áætluninni vann samráðsnefnd sem skipuð var af félagsmálaráðherra í janúar 2003 og í áttu sæti fulltrúar félagsmálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndinni var upphaflega falið að fjalla um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum en ákveðið var að beina einnig sérstaklega sjónum að börnum sem verða fyrir ofbeldi á heimilum og/eða verða fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis og var sérstakur starfsmaður ráðinn tímabundið í 4 mánuði til að vinna að þeim hluta áætlunarinnar. Umboðsmaður barna auk fjölmargra hagsmunaaðila og frjálsra félagsamtaka áttu þess kost að hitta nefndina og koma ábendingum sínum og athugasemdum á framfæri. Áætlunin tekur til árána 2006 til 2011 og er meginmarkmiðið að vinna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi og að bæta aðbúnað þeirra er orðið hafa fyrir ofbeldi eða eru í áhættuhópi hvað þetta varðar.

Áætlunin er efnismikil og felur í sér 37 aðgerðir. Hverri aðgerð er lýst sérstaklega ásamt tilgangi hennar og hefur einstökum ráðuneytum verið falin ábyrgð á framkvæmd sérhverrar aðgerðar ásamt því að settur er fram tiltekinn tímarammi um framkvæmdina. Aðgerðaáætlunin skiptist í tvo hluta, annars vegar vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum og hins vegar gegn konum. Henni er m.a. ætlað að:

- Auka fyrirbyggjandi aðgerðir sem stuðla að opinni umræðu um ofbeldi gegn börnum og kynbundnu ofbeldi og viðhorfsbreytingum í þjóðfélaginu.
- Styrkja starfsfólk stofnana í því að sjá einkenni ofbeldis hjá börnum og kynbundins ofbeldis og koma þolendum til aðstoðar.
- Tryggja einstaklingum sem eru þolendur ofbeldis á heimili eða kynferðislegs ofbeldis viðeigandi aðstoð.
- Rjúfa vitahring ofbeldis með því að styrkja meðferðaúrræði fyrir gerendur.

Til þess að tryggja eftirfylgni við áætlunina var samráðsnefndin endurskipuð af félagsmálaráðherra. Mun embætti umboðsmanns barna fylgjast með framvindu mála.

<sup>6</sup> Hægt er að nálgast áætlunina á vef félagsmálaráðuneytisins [www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Adgerdaaetlun.PDF](http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Adgerdaaetlun.PDF).



## Kynferðisofbeldi gegn börnum

Frumvarp til laga um breytingu á kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga nr. 19/1940 var samþykkt á Alþingi í mars 2007.<sup>7</sup> Umboðsmaður barna fagnar þessum breytingum enda fela þær í sér aukna réttarvernd fyrir börn. Með þessum breytingum eru gefin skýr skilaboð um að kynferðisbrot gegn börnum eru jafn alvarlegur glæpur og þau brot sem ekki fýrnast samkvæmt eldri lögum, s.s. morð, mannrán o.fl., enda sýna rannsóknir að áhrif þessara brota á velferð og sálarlíf fórnarlamba eru mjög alvarleg.

Helstu breytingarnar eru þessar:

- Sök vegna alvarlegustu kynferðisbrota gegn börnum fýrnist ekki.
- Fyrningarfrestur annarra kynferðisbrota en þeirra alvarlegustu byrjar ekki að líða fyrr en frá þeim degi er brotapolí nær 18 ára aldri í stað 14 ára eins og áður var.
- Kynferðislegur lágmarksaldur er hækkaður úr 14 árum í 15 ár, þ.e. lagt er fortakslaust bann við kynmökum við börn yngri en 15 ára. Tilgangurinn er að veita börnum vernd gegn kynferðislegru misnotkun sér eldri og reyndari en ekki að leggja refsingu við kynferðismökum jafnaldra.
- Skilgreining á hugtakinu nauðgun er rýmkuð verulega.
- Refsimörk fyrir samræði og önnur kynferðismök við börn yngri en 15 ára eru hækkuð.
- Refsihámark fyrir kynferðislega áreitni gagnvart börnum er hækkað um 2 ár.
- Lögfest er ákvæði um nokkur atriði sem virða skal til þyngingar við ákvörðun refsingar fyrir nauðgun, m.a. ef þolandi er barn yngra en 18 ára.
- Lögfest er ákvæði sem felur í sér að eldri dómur fyrir kynferðisbrot getur leitt til refsihækkunar.

Í meðferð Alþingis voru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu m.a. fyrir ábendingar frá umboðsmanni barna og fleiri aðila. Hægt er að nálgast umsögn umboðsmanns barna á heimasíðu embættisins [www.barn.is](http://www.barn.is) undir liðnum lög og reglur og umsagnir til Alþingis og stjórnvalda.<sup>8</sup>

### Meðferð kynferðisbrotamála á rannsóknarstigi

Lögum um meðferð opinberra mála var breytt árið 1999 (sbr. lög nr. 36/1999), m.a. að tilstuðlan umboðsmanns barna, á þann veg að styrkja réttarstöðu brotþola, ekki síst barna sem þolenda kynferðisbrota frá því sem verið hafði. Skal lögregla ávallt leita til dómara með beiðni um skýrslutöku á rannsóknarstigi. Markmiðið með þeirri breytingu var að börn þyrftu ekki að gefa formlega skýrslu oftast en einu sinni og þeim þannig hlíf við þeirri vanlíðan sem því hlýtur að fylgja.

<sup>7</sup> Sjá feril málsins á Alþingi [www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=133&mnr=20](http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=133&mnr=20).

<sup>8</sup> Sjá [www.barn.is](http://www.barn.is) undir liðnum fréttir. Lögín er að finna á vef Alþingis [www.althingi.is](http://www.althingi.is).

<sup>9</sup> Afrit af bréfi má sjá á [www.barn.is](http://www.barn.is) undir liðnum fréttir 2006.

Á árinu 2005 barst umboðsmanni ábending frá Neyðarmóttöku Landsspítala háskólasjúkrahúsi vegna nauðgana þar sem vakinn var athygli á því að þjónustu við ung börn sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi væri að ýmsu leyti ábótavant, m.a. vegna langs biðtíma barna eftir skýrslutöku, en hún er grundvöllur fyrir áframhaldandi aðstoð sem barninu er nauðsynleg.

Í lok nóvember 2005 var haldinn fundur á skrifstofu Barnaverndarstofu þar sem saman voru komnir auk fulltrúa Barnaverndarstofu og Barnahúss, umboðsmaður barna og fulltrúar Barnaverndar Reykjavíkur, Lögreglustjórans í Reykjavík, Ríkissaksóknara og Ríkislögreglustjóra. Á fundinum voru ræddar nýjar tölur sem teknar höfðu verið saman um fjölda kynferðisbrota gegn börnum sem bentu m.a. til þess að sakfellingum hafi hlutfallslega fækkað í þessum málum á undanförunum árum. Þá voru ræddar ýmsar málsmeðferðarreglur, bæði hjá barnaverndaryfirvöldum og hjá réttarvörslukerfinu, og hvaða leiðir væri unnt að fara til að bæta vinnslu þessara mála, nauðsynlegt samstarf þeirra aðila sem að málunum koma og þjónustu við börnin. Töldu ofangreindir aðilar rétt að gerð yrði úttekt á reynslunni af breytingum á lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála sem gerðar voru með lögum nr. 36/1999.

Í byrjun árs 2006 rituðu umboðsmaður barna og Barnaverndarstofa bréf til dómsmálaráðherra þar sem skorað var á hann að standa fyrir slíkri úttekt og taka á réttarstöðu barna sem grunur leikur á að beitt hafi verið kynferðisofbeldi. Engum vafa er undirorpið að réttarstaða barna var bætt með þessum lagabreytingum en það er mat margra að rannsókn mála sé að sumu leyti tafsamari en áður. Mikilvægt er að meta hvort þessar breytingar, einkum á 74. gr. a., hafi haft tilætluð jákvæð áhrif á meðferð þessara mála og hvort ástæða er til að gera breytingar sem tryggja frekar hagsmuni barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi.<sup>9</sup>

Jafnframt var í bréfinu bent á mikilvægi þess að aðgerðir við upphaf rannsóknar kynferðisbrota væru markvissar og að ekki verði dráttur á skýrslutöku af barni eftir að grunur vaknar um að brot hafi verið framið. Lagaákvæði um framkvæmd skýrslutöku verði að taka mið af því. Meðal annars væri rétt að skoða hvort setja eigi ákvæði um að skýrslutaka fari fram innan ákveðins tíma frá því að lögreglu berst kæra. Til þess væri og að líta að læknisrannsókn á barni fer ekki fram fyrr en að lokinni skýrslutöku og meðferðarúræði fyrir barnið biða hennar einnig. Loks var bent á að brýnt væri að settar yrðu verklagsreglur um rannsókn



og meðferð kynferðisbrotamála er varða börn, sbr. verklagsreglur þær um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála, sem ríkislögreglustjóri setti síðla árs 2005.

Réttarfarsnefnd hefur um nokkurt árabíl unnið að því að endurskoða gildandi lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og í september 2006 kynnti dóms- og kirkjumálaráðherra drög að nýju frumvarpi til laga um meðferð sakamála. Frumvarpið hefur hins vegar ekki verið lagt fyrir Alþingi. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu segir að ekki séu ráðgerðar breytingar á þeirri tilhögun á skýrslutökum af börnum sem mörkuð var með lögum nr. 36/1999. Umboðsmaður barna vill áréttta þau sjónarmið sem fram koma í bréfi umboðsmanns og Barnaverndarstofu til dómsmálaráðherra og hvetur hann til þess að huga að þessum málum.

## Barnavernd

Barnaverndarlög nr. 80/2002 leggja ríka skyldu á almenn- ing, lögreglu og þá sem afskipti hafa af börnum í starfi sínu að tilkynna til barnaverndarnefnda þegar grunur vaknar um að barn búi við vanrækslu eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Barnaverndarstofu hefur tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgað ár frá ári. Á árinu 2002 bárust 4.665 tilkynningar á móti 6.874 tilkynningum árið 2006 og á fyrsta ársfjórðungi 2007 bárust 29% fleiri tilkynningar samanborið við fyrsta ársfjórðung 2006.<sup>10</sup> Þar segir jafnframt að þessa aukningu megi einkum skýra með fjölda lögregluskýrsla. Væntanlega má rekja fjölgun lögregluskýrsla til breytinga á verkferlum hjá lögreglu og því ber að fagna.

Jafnframt hefur vitund almennings aukist með umræðu í samfélaginu og kynningu á tilkynningarskyldunni og með tilkomu símanúmers Neyðarlínunnar 112 en þangað er hægt að hringja með tilkynningar. Þá hefur Barnaverndarstofa gefið út annars vegar verklagsreglur heilbrigðisstarfsfólks (2003) og hinsvegar verklagsreglur skólafólks (2006) sem ætlað er að auðvelda þessum starfsstéttum mat á því hvenær beri að tilkynna og hvernig standa eigi að slíkum tilkynningunum.

Á fundi umboðsmanns barna með nýjum félagsmálaráðherra þann 21. júní 2007 hvatti umboðsmaður ráðherra til að endurskoða barnaverndarlög nr. 80/2002 að fenginni 5 ára reynslu af þeim. Meðal þess sem sérstaklega þyrfti að skoða væri að efla Barnaverndarstofu og

<sup>10</sup> Sjá [www.bvs.is](http://www.bvs.is) undir liðnum fréttir.



styrkja eftirlitshlutverk hennar, þ.e. með starfs- háttum barnaverndarnefnda og til að veita þeim aðhald. Þannig mætti setja inn í lögin ákvæði er gerðu Barnaverndarstofu kleift að fylgjast með hvernig barnaverndarnefndir standist þá tímafresti sem barnaverndarlögin setja varðandi aðgerðir í tilefni tilkynninga til þeirra. Jafnframt væri afar brýnt að efla starfsemi meðferðarheimila á hennar vegum þannig að unnt verði að taka sem fyrst á vandamálum ungmenna í fíkniefnaneyslu og af- brotum sem og bæta eftirfylgni í þeim málum.

## Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum barna og ungmenna 2007–2011

Allt frá stofnun embættisins 1995 hefur umboðs- maður barna hvatt til þess að stjórnvöld mörkuðu heildstæða stefnu í málefnum barna, síðast í árs- skýrslu 2005. Í október 2001 skipaði forsætis- ráðherra nefnd til að móta stefnu í málefnum barna og unglunga samkvæmt ályktun Alþingis frá 11. maí þ.á. Skýrsla nefndarinnar var kynnt í upphafi árs 2005 og má finna hana á heimasíðu forsætis- ráðuneytisins.<sup>11</sup> Að tillögu formanns nefndarinnar fól forsætisráðherra nefnd, sem hann skipaði til að meta stöðu íslensku fjölskyldunnar – fjölskyldu- nefndinni svokölluðu – að fara yfir þær tillögur sem fram koma í skýrslunni.

Ný ríkisstjórn var mynduð í maí 2007 og lagði félagsmálaráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun sem miða á að því að styrkja stöðu barna og ungmenna á árunum 2007 – 2011. Var tillagan samþykkt í júní 2007.<sup>12</sup> Þar segir m.a. að:

- Áhersla verði lögð á viðtækar forvarnir, svo sem heilsueflingu barna og ungmenna í samfélaginu, meðal annars með því að auka hreyfingu og bæta næringu og fæðuval barna og ungmenna.
- Móta eigi tillögur til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð og þjónustu við barnafjölskyldur. Tillögurnar eiga m.a. að varða styttri og sveigjanlegri vinnutíma og tryggja að foreldrar geti betur sinnt börnum sínum vegna veikinda eða fötlunar.
- Fæðingarorlof verði lengt í áföngum á kjörtíma- bilinu.
- Afkoma barnafjölskyldna verði bætt, m.a. með því að barnabætur til tekjulágra fjölskyldna verði hækkaðar; tannvernd barna verði bætt með gjaldfrjálsu eftirliti, forvarnaaðgerðum og auknum niðurgreiðslum á tannviðgerðum barna; nemendur í framhaldsskólum fái stuðning til kaupa á námsgögnum; stefnt verði



að því, í samvinnu við frjáls félagasamtök og sveitar- félög, að bæta aðgengi allra barna og ungmenna að íþróttum og félagsstarfi, ekki síst þeirra er búa við veikar fjárhagslegar aðstæður.

- Unnið skuli að því að foreldrum standi til boða upp- eldisráðgjöf og þjálfun í foreldrafærni óháð búsetu.
- Skipuð verður nefnd er fjalli um stöðu einstæðra og forsjarlausra foreldra og réttarstöðu barna þeirra.
- Forvarnastarf gegn kynferðislegu ofbeldi verði eftt og veittur verði stuðningur við fjölskyldur ung- menna sem eiga í vanda vegna vimuefnaneyslu.

Skipaður verður samráðshópur fulltrúa ráðherra félagsmála, heilbrigðis- og tryggingamála, dóms- og kirkjumála, fjármála og menntamála til að stuðla að samræmingu og eftirfylgni aðgerðaáætlunar- innar undir forystu félagsmálaráðuneytisins.

Umboðsmaður barna fagnaði framlagningu og samþykkt þingsályktunarinnar og ræddi hana á fundi með félagsmálaráðherra þann 21. júní 2007. Mun embættið fylgjast náið með þróun og fram- kvæmd aðgerðaáætlunarinnar.

*Peir sem taka ákvarðanir í málum sem varða börn eiga fyrst og fremst að hugsa um hvað börnum er fyrir bestu.*

*úr 3. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.*

*"Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeiddisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeiddisáðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna. Aðrir sem koma að uppeidi barna skulu sýna þeim virðingu og umhyggju"*

*2. mgr. 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002*

<sup>11</sup> Hægt er að nálgast skýrsluna á [www.forsaetisraduneyti.is/utgefing-efni/nr/1777](http://www.forsaetisraduneyti.is/utgefing-efni/nr/1777).

<sup>12</sup> Hægt er að nálgast áætlunina í heild sinni á [www.barn.is](http://www.barn.is) undir liðnum fréttir 2007.



## Heilbrigðismál

Á undanförunum árum hafa málefni langveikra og fatlaðra barna verið mikið til umfjöllunar eins og sjá má í fyrri ársskýrslum umboðsmanns barna. Hegðunar- og geðraskanir barna eru og vaxandi áhyggjuefni hér á landi sem á öðrum Vesturlöndum. Á síðasta ári stóðu stjórnvöld að lagabreytingum og öðrum aðgerðum sem telja verður til verulegra hagsbóta fyrir þennan hóp barna og ber að fagna þeim.

### Greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna

Í desember 2005 lagði félagsmálaráðherra fram fúmvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Í byrjun árs 2006 veitti umboðsmaður barna umsögn um málið.<sup>13</sup> Fúmvarpið var samþykkt á Alþingi sem lög nr. 22/2006 er tóku gildi þann 1. júlí 2006.<sup>14</sup> Í þeim er kveðið á um rétt foreldra sem eru launamenn eða sjálfstætt starfandi einstaklingar á innlendum vinnumarkaði til greiðslna er börn þeirra greinast með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Gert er ráð fyrir að foreldrar geti sameiginlega átt rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði að uppfylltum tilteknum skilyrðum laganna.<sup>15</sup> (Við sérstakar aðstæður geta greiðslurnar varað í allt að 9 mánuði frá og með 1. janúar 2008).

<sup>13</sup> Sjá [www.barn.is](http://www.barn.is) undir liðnum lög og reglur.

<sup>14</sup> Lögín og reglugerð sjá [www.alþingi.is](http://www.alþingi.is) og [www.vinnumalastofnun.is/log-og-reglugerdir](http://www.vinnumalastofnun.is/log-og-reglugerdir).

<sup>15</sup> Ýmsar upplýsingar og umsóknareyðublöð sjá [www.vinnumalastofnun.is/greiðslur-v-langveikra-barna](http://www.vinnumalastofnun.is/greiðslur-v-langveikra-barna).

<sup>16</sup> Sjá [www.barn.is](http://www.barn.is) undir liðnum útgefið efni - árlegar skýrslur til forsætisráðherra.

Á fundi með félagsmálaráðherra þann 21. júní 2007 hvatti umboðsmaður barna ráðherra til að gera úttekt á framkvæmd laganna nú þegar ár er liðið frá gildistöku þeirra og meta hvort gera þurfi úrbætur á þeim.

### Aðgerðaáætlun heilbrigðisráðherra

Á árinu 2005 voru lagðar fram a.m.k. þrjár skýrslur er varða heilbrigðisþjónustu við börn og unglinga með hegðunar- og geðraskanir eins og um var fjallað í ársskýrslu umboðsmanns barna 2005.<sup>16</sup> Snemma vors 2006 ákvað heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra enn að láta gera úttekt á geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni, skoða styrkleika hennar og veikleika. Til verksins voru fengnir tveir þekktir sænskir sérfræðingar.

Umboðsmaður barna átti fund með þeim í maí 2006 og gafst tækifæri til þess að koma ýmsum ábendingum um málaflokkinn á framfæri. Meðal þess sem umboðsmaður barna benti á var að brýnt væri að ráðast í lausn vandans enda væri hann í raun vel skilgreindur. Mikilvægt væri að greina vanda einstakra barna eins fljótt og mögulegt er og hefja meðferð. Auka þyrfti samvinnu og samþættingu starfa þeirra sem að málum koma, þ.e. annars vegar ríkis og sveitarfélaga og hins vegar á milli heilbrigðis- félags- og skólakerfa. Skilgreina þyrfti betur greiningar, þ.e. hver á að greina, hvar og til

*Öll börn eiga rétt á að lifa og þroskast á sem heilbrigðastan hátt.*

*úr 6. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.*

*Fötluð börn eiga rétt á sérstökum stuðningi og vernd.*

*úr 23. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.*

hvers. Tryggja þyrfti að í kjölfar greiningar kæmi meðferð og síðan eftirfylgd eftir að henni lýkur. Í dag væri lögð ofuráhersla á greiningu til að fá fjármuni, annars vegar frá Tryggingastofnun ríkisins (umönnunarbætur) og hins vegar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að fá fjármagn til skóla til að mæta vanda þar, en ekki til að tryggja einstökum börnum meðferð. Tryggja þyrfti jafnræði barna um allt land og taka á vandanum í nærumhverfi þeirra í samvinnu foreldra, heilbrigðisþjónustu, skóla og annarra sérfræðinga. Að lokum vakti umboðsmaður barna athygli þeirra á að huga þyrfti sérstaklega að geð- og hegðunarvanda þroskahamlaðra.

Í lok sumars 2006 skiluðu hinir sænsku sérfræðingar skýrslu sinni og tillögum og í september kynnti ráðherra aðgerðir í níu liðum til að bæta þjónustu við börn og ungmenni með geðraskanir.<sup>17</sup>

Umboðsmaður barna átti fund með heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra þann 18. október 2006. Á fundinum var farið yfir aðgerðaáætlunina og lagði umboðsmaður áherslu á þau atriði er fram koma í umfjöllun um hegðunar- og geðraskanir barna í ársskýrslu embættisins fyrir árið 2005. Hvatti umboðsmaður ráðherra til að hafa frumkvæði að samvinnu ráðuneyta heilbrigðis-, mennta- og félagsmála um lausn málsins.

Á fundinum tók umboðsmaður barna jafnframt upp önnur mál er varða heilsufar barna sem brýnt er að huga að:

- Reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfær- endur fatlaðra og langveikra barna er varðar umönnunargreiðslur þarf að endurskoða. Reglugerðinni var ætlað að gera kerfið einfaldara, aðgengilegra og réttlátara. Á undanförunum árum hefur henni verið breytt mörgum sinnum en hún er hvergi birt í heild sinni með áorðnum breytingum. Því er svo komið að fáir hafa yfirsýn yfir hver réttur manna er í þessum efnunum. Að mati umboðsmanns barna þarf að gera hér bragarbót á. Skoða þarf sérstaklega hvort börn með hegðunar- og geðraskanir njóti jafnræðis við þau börn sem teljast fötluð eða langveik af vefrænum sjúkdómum.
- Skoða verður hvort unnt væri að tryggja greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins til að greiða fyrir þjónustu sálfræðinga í atferlis- eða hegðunarmótun barna með hegðunar- og geðraskanir sem hægt væri að beita sjálfstætt eða með annarri meðferð.
- Efla verður heilsugæslu í skólum og samstarf hennar við þá sem fara með málefni einstakra barna.
- Skoða verður mál barna sem fæðast með tanngalla, tannvöntun eða skarð í vör eða búa við alvarlegar afleiðingar sjúkdóma eða slysa. Reglugerð nr. 576/2005 um þátttöku Tryggingastofnunar í kostnaði við tannlækningar er góðra gjalda verð, hún tryggir 80-95% greiðsluþátttöku samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Hins vegar er gjaldskráin í engu samræmi við raunverulegan kostnað þannig

<sup>17</sup> Sjá [www.heilbrigdisraduneyti.is/frettir/nr/2265](http://www.heilbrigdisraduneyti.is/frettir/nr/2265).

að börn fá mun lægra hlutfall í raun og þegar litið er til þess mikla kostnaðar sem um er að ræða þá er það ekki verjandi. Þessi börn njóta ekki jafnræðis á við þau sem búa við annarskonar fötlun eða sjúkdóma.

- Umboðsmaður barna hvatti ráðherra til að láta stofna fagr- ráð hjá landlæknisembættinu um þjónustu heilsugæslu fyrir unglunga, samsvarandi og fagr- ráð fyrir ung- og smábarna- vernd og mæðravernd.
- Þá kom umboðsmaður barna á framfæri ábendingu um að engin sérhæfð endurhæfingarúrræði eru til fyrir börn og unglunga.

## Réttindi barna sem koma til innlagnar á barna- og unglिंगageðdeild Landspítala háskólasjúkrahúss (BUGL)

Í mars 2006 barst skriflegt erindi frá Ólafi Guðmundssyni yfirlækni á BUGL, sem varðaði réttindi barna sem koma þangað til innlagnar. Heimsótti umboðsmaður barna stofnunina í apríl og átti fund með starfsfólkinu þar. Var ákveðið að fara yfir þau álitæfni sem getið var um í erindinu og síðan efnt til nýs fundar í júní sem lögfræðingur Barnaverndarstofu mætti einnig á. Niðurstaðan var sú að lagaákvæði um þessi efni eru fremur óskýr, sérstaklega þau er varða 16-18 ára ungmenni og nauðsynlegt að taka þau til sérstakrar skoðunar. Umboðsmaður barna ræddi málið sérstaklega við lögfræðing heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og tók það jafnframt upp við skrifstofustjóra þess á fundi í ráðuneytinu þann 18. október 2006.

## Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum barna og ungmenna 2007-2011

Eins og áður var að vikið var samþykkt tillaga til þingsályktunar á Alþingi í júní 2007 um aðgerðaráætlun sem miða á að því að styrkja stöðu barna og ungmenna á árunum 2007 - 2011. Þar segir m.a. um heilbrigðismál:

- Auka þarf stuðning við langveik börn, börn með hegðunarvandanum, geðraskanir og þroskafrávik.
- Vinna þarf á biðlistum barna og ungmenna sem bíða eftir greiningu hjá barna- og unglिंगageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
- Auka þarf fjölbreytni í meðferðarúrræðum fyrir börn með hegðunar- og vímuefnavanda m.a. með því að koma á fót meðferð utan stofnana, á vettvangi fjölskyldunnar og nánasta umhverfi barnsins.

Umboðsmaður barna mun eins og áður er nefnt fylgjast náið með framkvæmd þessarar aðgerðaráætlunar enda mikið í húfi fyrir langveik eða fötluð börn og börn með hegðunar- eða geðraskanir.





Verk eftir börn sem tóku þátt í listasmiðjunni  
Gagn og gaman í Gerðubergi.

## Skólamál

### Heildarendurskoðun laga um leikskóla og grunnskóla

Síðustu misseri hefur staðið yfir í menntamálaráðuneytinu heildarendurskoðun laga er varða skólamál, þ.e. laga um leikskóla nr. 78/1994, laga um grunnskóla nr. 66/1995 og laga um framhaldsskóla nr. 80/1996. Þrátt fyrir að ýmsum ákvæðum þessara laga hafi verið breytt í gegnum tíðina er ljóst að tímabært er að fara heildstætt yfir lagabálkana og aðlaga þá þeirri þróun og breyttu áherslum sem átt hafa sér stað í menntakerfinu.

Umboðsmanni barna gafst tækifæri til þess að fara á fund þeirra nefnda sem unnið hafa að endurskoðuninni, annars vegar að frumvarpi að nýjum leikskólalögum og hins vegar grunnskólalögum og lagði fram skriflegar ábendingar og athugasemdir, sbr. umfjöllun hér að neðan. Umboðsmaður barna telur að rauði þráðurinn í báðum þessum lagabálkum eigi að vera það sem barninu er fyrir bestu, sbr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins enda mikilvægt að sú grundvallarregla komi fram í allri löggjöf er varðar börn.

### Lög um leikskóla

Þann 18. september 2006 sendi umboðsmaður barna nefnd þeirri er vann að endurskoðun laga um leikskóla skriflegar ábendingar að beiðni nefndarinnar. Þann 27. september mætti umboðsmaður á fund hennar og skilaði jafnframt ítarlegu minnisblaði.<sup>18</sup>

Í því lagði umboðsmaður barna sérstaka áherslu á eftirfarandi:

Núgildandi lög um leikskóla eru fáorð um réttindi þeirra barna sem leikskólum er ætlað að sinna og nauðsynlegt er að ráða á því bót. Umboðsmaður barna telur mikilvægt að öllum börnum sé tryggð sambærileg þjónusta, óháð því hvar þau búa á landinu. Rekstur leikskóla er eitt af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga. Ríkisvaldið getur ekki hlutast til um starfsemi þeirra nema sú íhlutun byggist á lagaheimild og er því mikilvægt að í lögum um leikskóla séu hagsmunir barna vel tryggðir.

Miklar breytingar hafa orðið á starfsemi leikskóla á undanförunum árum. Æ ríkari áhersla hefur verið lögð á menntunarpátt leikskólans. Hlutfall barna sem sækja leikskóla hér á landi er með því hæsta sem gerist innan OECD. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu voru um 91%

<sup>18</sup> Sjá [www.barn.is](http://www.barn.is) undir liðnum lög og reglur - umsagnir til Alþingis og stjórnvalda.

allra tveggja ára barna á leikskólum í árslok 2006 og 96% þriggja og fjögurra ára barna. Jafnframt hefur dvalartími barna á leikskólum lengst verulega á undanförunum árum en 75% leikskólabarna dvelja þar 8 klukkustundir eða lengur.<sup>19</sup> Meðalaldur barna á leikskólum er einnig lægri en áður var og fötluð börn eru fleiri sem og börn af erlendum uppruna. Segja má að umönnun og uppeldi barna sé að nokkru leyti að færast yfir á leikskóla og hlýtur sú staðreynd að kalla á breytingar á lögnum.

Umboðsmaður barna telur nauðsynlegt að skilgreina betur rétt barna sem og ábyrgð og skyldur foreldra, rekstraraðila og allra þeirra, sem koma að málefnum leikskóla.

Þá beri jafnframt að kveða skýrar á um:

*Samstarf leikskóla og foreldra.* Rétt væri að gera skylt að foreldrafélög starfi við hvern leikskóla og jafnvel að sveitarfélög styðji þau fjárhagslega. Auka þarf vægi og áhrif foreldrafélaga og möguleika foreldra til að koma að mótun innra starfs leikskóla.

*Kröfur um mönnun, húsnæði og aðbúnað í leikskólum.* Dvalartími barna í leikskólum hefur lengst eins og áður segir og dvelja þau nú drjúgan hluta vökutíma síns í leikskólanum virka daga. Sú staðreynd gerir enn ríkari kröfur til þess að húsnæði taki mið af þörfum barna og má þar nefna stærð, búnað og hljóðvist.

*Öryggismál.* Setja þarf sérstakar reglur um slysavarnir og öryggismál í leikskólahúsnæði og lóðum. Jafnframt ætti að skylda sveitarfélög til að setja sérstakar öryggisreglur fyrir leikskóla þar sem m.a. er kveðið á um ferli mála ef slys ber að höndum. Jafnframt þarf að tryggja að foreldrar geti krafist úrbóta telji þeir að aðbúnaði eða öryggi barna sé ábótavant.

*Skilgreina rétt leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar.* Skóli án aðgreiningar er opinber skólustefna hér á landi og tekur hún til leikskólans jafnt og annarra skólastiga, sbr. aðalnámsskrá leikskóla. Í henni felst að börn eiga rétt á að sækja leikskóla án tillits til líkamlegs og andlegs atgervis þeirra. Kveða þarf skýrar á um þennan rétt barna í lögnum sjálfum, inntak hans, skyldur sveitarfélaga

og hvernig foreldrar geta leitað réttar barna sinna í þessu efni.

*Ísland er fjölmenningsamfélag.* Sú staðreynd þarf einnig að endurspeglast í lögnum. Atriði sem huga þarf að í þessu sambandi eru m.a. sérkennsla (íslenska), samskipti við foreldra, einelti og heilsugæsla.

*Kröfur til starfsfólks.* Þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi leikskóla undanfarin ár hafa í för með sér að efla þarf menntun starfsfólks og jafnframt skoða aukinn fjölbreytileika í menntun. Með stefnunni um skóla án aðgreiningar verður að gera ráð fyrir sérþekkingu í leikskólanum, s.s. sérkennurum, þroskaþjálfum o.s. frv. Þá þarf að auka þekkingu leikskólakennara og annarra starfsmanna á langvinnum sjúkdómum sem áhrif hafa á leikskólagöngu barna.

*Ráðning starfsfólks.* Þá er rétt að setja í löginn ákvæði um að afla skuli upplýsinga úr sakaskrá áður en starfsmaður er ráðinn á leikskóla. Sveitarfélög og/eða leikskólar þyrftu að setja sér verklagsreglur um hvernig taka eigi á málum þegar grunur leikur á að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Þá ber að taka fram í lögnum að ekki megi beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum eða þvingunum.

*Gæðamat.* Skylda þarf sveitarfélögin til þess að gera með reglubundnum hætti mat á starfsemi leikskólanna og kynna það opinberlega.

## Lög um grunnskóla

Á fundi með menntamálaráðherra þann 1. febrúar 2006 ræddi umboðsmaður m.a. um endurskoðun grunnskólalaga, nauðsyn þess að skilgreina betur skyldur aðila í grunnskólalögum, tryggja vandaða meðferð ágreiningsmála og kæruleiðir innan kerfisins. Einnig var rætt um málefni barna með sérþarfir innan skólakerfisins og að þau þurfi að taka til sérstakrar skoðunar.

Umboðsmaður barna gekk á fund nefndar þeirrar er vann að endurskoðun grunnskólalaga þann 22. maí 2006 og lagði í framhaldi af því fram skriflegt minnisblað með ábendingum sínum.<sup>20</sup> Þar kom m.a. fram eftirfarandi:

*Öll börn eiga rétt á að ganga í skóla og fá menntun við sitt hæfi.*

*úr 28. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.*

*"Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins."*

*2. mgr. 2.gr. grunnskólalaga nr. 66/1995*

*Hæhæ. Einn kennarinn í skólanum er mjög dónalegur við alla krakkana, segir t.d. að við séum aumingjar segir okkur að halda kjafti og gefur okkur puttann og kemur með mjög grófa brandara og særir marga. Svo hlægja bara hinir kennararnir: S er þetta einelti ? er þetta ekki rangt??*

*13 ára stúlka*

*Hvaða rétt eiga börn þegar kennari eða annar starfsmaður skóla beitir þau ofbeldi?*

*14 ára drengur*

<sup>19</sup> Sjá [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).

<sup>20</sup> Minnisblaðið sjá [www.barn.is](http://www.barn.is) undir liðnum lög og reglur - umsagnir til Alþingis og stjórnvalda.

Umboðsmaður barna leggur megináherslu á að grunn-skólalög tryggi gæði menntunar/fræðslu, jafnræði nemenda, vellíðan þeirra og réttaröryggi. Grunnskólalög setja ramma um skólastarfið og eiga þau að vera verkfæri í daglegri starfsemi þeirra. Meðal þess sem að mati umboðsmanns barna þarf að huga sérstaklega að:

### ***Stjórnsýsla skólakerfisins***

Stjórnsýsla skólakerfisins er hvorki nægilega skýr né skilvirk þegar litið er til þess hve veigamiklir hagsmunir nemenda geta verið í húfi. Tryggja þarf að málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga gildi um allar ákvarðanir er varða réttindi og skyldur nemenda og að samræmis og jafnræðis sé gætt við túlkun laganna um land allt með því að slíkar ákvarðanir fái ávallt umfjöllun á fleiri en einu stjórnsýslustigi.

Setja þarf reglur um ákvarðanaferli og málsmeðferð og skilgreina betur hvaða ákvarðanir teljist stjórnsýslu-ákvarðanir sem stjórnsýslulög taka til. Jafnframt þarf að skýra kæruleiðir og skapa þeim formlegan farveg

Grunnskólalög kveða á um 10 ára skólaskyldu barna og rétt þeirra til menntunar. Hér er um mjög mikilvæga hagsmuni barna að ræða sem ráðið geta úrslitum um hvernig þeim farnast í lífinu. Þegar til þess er litið má ljóst vera að tryggja ber jafnræði nemenda og að túlkun og beiting grunnskólalaga sé samræmd.

Skilgreina þarf, betur en nú er gert, hlutverk og ábyrgð, réttindi og skyldur skólans, nemenda og foreldra.

### ***Skólinn/sveitarfélagið***

Skoða þarf betur ákvæði laganna um hlutverk skólans og inntak menntunar. Rétt er að hafa í lögunum ákvæði um meginmarkmið náms og kennslu og fræðslu- og uppeldishlutverk grunnskólans. Í lögum verður að tilgreina rétt allra nemenda til tiltekinnar lágmarksmenntunar, þannig að skýrt komi fram hvað allir nemendur eiga að hafa tileinkað sér eða öðlast grundvallarfærni í að loknu lögbundnu skyldunámi.

Kveða þarf skýrt á um að skólinn beri ábyrgð á öryggi og líðan nemenda meðan þeir eru í skólanum eða taka þátt í starfi á vegum skólans. Núgildandi grunnskólalög taka ekki á ábyrgð skóla að þessu leyti.

Á miklu veltur að börnum líði vel í skólanum. Líðan þeirra ræðst af mörgum atriðum sem varða m.a. heimilis- aðstæður þeirra eða aðstæður í skólanum. Húsnæði og allur aðbúnaður í skólanum skiptir miklu máli. Þar þarf að huga að stærð og gerð húsnæðis, búnaði, hljóðvist, lýsingu, loftræstingu, hreinlæti og almennum hollustu-

háttum. Grunnskólalög verða að tryggja nemendum og foreldrum þeirra rétt til að gæta hagsmuna þeirra og sækja rétt þeirra í þessu efni, telji þeir aðbúnaði eða öryggi ábótavant.

Andleg og félagsleg líðan nemenda skiptir ekki minna máli. Skerpa þarf á skyldum skólans í þessu efni. Þannig þarf að kveða skýrt á í lögum um að skólastjórn skuli taka á einelti, sem því miður er enn mikið vandamál í skólum, þrátt fyrir mikla umræðu og aðgerðir (t.d. Olweusarverk-efnið) undanfarin ár. Ekki verður við unað að börn búi við lakari lagavernd en fullorðnir njóta í þessu efni samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum.

### ***Réttindi og skyldur nemenda***

Í núgildandi lögum eru ákvæði er varða rétt nemenda á við og dreif. Skerpa þarf þessi ákvæði og gera þau markvissari svo sem um rétt þeirra varðandi inntak námsins, um rétt þeirra varðandi aðbúnað í skóla, á skólalóð og í skólabíl, um öryggi þeirra, líðan og heilsu (líkamlega, andlega og félagslega). Þá þarf að tryggja rétt þeirra til að hafa áhrif, m.a. á umhverfi sitt, námstilhögun og fyrirkomulag skólastarfs, rétt er varðar sérúrræði, sérkennslu og sérfræðipjónustu, jafnt sem einstaklinga og hóps.

Þá þarf að skilgreina skyldur þeirra gagnvart skóla og starfsmönnum skóla, samnemendum og sjálfum sér. Að mati umboðsmanns barna væri rétt að setja í lögina ákvæði um skyldu hvers skóla til að setja sér skólareglur og hvernig þær skuli settar, m.a. um aðkomu foreldra og nemenda að þeim og ábyrgð þeirra á að þeim sé framfylgt. Þar komi einnig fram hvernig með agabrot skuli farið innan skóla og samráð við foreldra. Samkvæmt núgildandi lögum eru það aðeins mál er varða brottvikningu úr skóla sem sérstakar málsmeðferðarreglur gilda um.

Skóli án aðgreiningar er háleitt og gott markmið sem vinna ber eftir. Ljóst er þó að það hefur ekki gengið sem skyldi. Að því er virðist hefur verið farið af stað án nægs undirbúnings. Til að skóli án aðgreiningar gangi upp þarf húsnæði, aðgengi, aðbúnað/tækjabúnað, sem og kennslugögn, sem taka mið af fötlun og sérþörfum nemenda, sérmenntaða kennara og starfsfólk og nægilegt fjármagn til að tryggja stuðning við einstaka nemendur.

Skilgreina þarf betur í lögunum rétt nemenda með sérþarfir, m.a. til að tryggja jafnræði nemenda um land allt. Setja þarf skýr ákvæði í lögina um rétt langveikra barna og annarra barna með heilsutengdar sérþarfir sem og um sjúkrakennslu.

Í grunnskólalögum sjálfum þarf að kveða á um skyldu sveitarfélags til að tryggja sérstuðning við nemendur og hvernig það verði gert og skyldu skólustjóra til að meta þörf einstakra nemenda fyrir sérstuðning og að stilla upp námsáætlun, um skýrt ferli mála og boðleiðir innan skólans. Ljóst þarf að vera hvort og þá hvaða greining þurfi að liggja fyrir, ábyrgð skólans á því að hún fái fram og að hraða skuli máli. Mikilvægt er að málsmeðferðarreglur séu skýrar, m.a. um rétt foreldra til að koma að ákvörðunum og til að kæra ákvarðanir skóla til skólanefndar og jafnvel til æðra stjórnáætlustigs. Jafnframt þarf að vera ótvívert að það er nemandinn sem á rétt á stuðningnum þannig að fjárframlög fylgi nemandanum.

Tryggja þarf samfellu í þjónustu við börn sem eru að koma inn í grunnskóla og hafa notið góðs einstaklingsstuðnings í leikskóla

### Réttindi og skyldur foreldra

Í lögum um grunnskóla er vikið að skyldum foreldra í 2 greinum: Samkvæmt 6. gr. er þeim skylt að sjá til þess að barn innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldaldur og að það sækji skóla. Jafnframt segir í 8. gr. að ef foreldri fær tímabundna undanþágu frá skólasókn barns síns þá beri því að sjá til þess að nemandi vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur. Ljóst má vera að fleira stendur uppá forráðamenn nemenda varðandi skólavist þeirra og nám. Þær skyldur verða að sjálfsgöðu ekki tæmandi taldar í lögum, en það væri rétt að kveða skýrar á um þær en nú er gert.

Það þarf að kveða skýrar á um rétt foreldra, sem hóps og sem foreldra einstakra barna. Samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 og lögræðislögum nr. 71/1997 eiga foreldrar rétt á og þeim ber skylda til að gæta hagsmuna barna sinna til 18 ára aldurs. Sú staðreynd birtist ekki sem skyldi í núgildandi grunnskólalögum.

Ekki þarf að hafa mörg orð um að rannsóknir sýna að samstarf foreldra og skóla hefur jákvæð áhrif á skólastarf og líðan og námsárangur nemenda. Skólinn og foreldrar eru í reynd samstarfsaðilar í því veigamikla starfi sem uppeldi og menntun barna er. Aukin áhrif foreldra á starfsemi skóla auka um leið ábyrgð þeirra. Hér er um gagnkvæma hagsmuni foreldra og skóla að ræða en þó fyrst og fremst væri slíkt lögbundið samstarf til mikilla hagsbóta

fyrir nemendur. Því þarf að setja ákvæði í grunnskólalög sem efla það samstarf sem mest.

### Ýmis önnur atriði

#### Námsmat

Skýra þarf ákvæði grunnskólalaga um eftirlit og mat á menntun, kveða á um gæðamat og setja lágmarkskröfur um hvaða atriða mat skuli taka til. Setja inn ákvæði um að m.a. skuli taka út starf nemenda- og foreldraráða og raunveruleg áhrif þeirra, hvernig almenn líðan nemenda er tryggð og hvernig tekið er á agamálum og félagslegum þáttum svo sem einelti.

#### Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Taka þarf málefni þessara nemenda til sérstakrar skoðunar, m.a. þarf að huga að samstarfi skóla við foreldra þeirra. Tryggja þarf að nemendur og foreldrar þeirra eigi greiðan aðgang að upplýsingum og ráðgjöf og rétt væri að huga að því hvort skipa eigi þeim talsmann í einhverjum tilvikum

#### Trúarbragðafraeðsla

Ísland er í dag fjölmeningarsamfélag og sú staðreynd þarf að endurspeglast í grunnskólalögum. Í núgildandi lögum er ekki vikið að rétti nemenda í þessu efni en í aðalnámskrá er að finna umfjöllun um það. Nú fá foreldrar undanþágu fyrir börn sín frá því að sækja tíma í kristinfræði og er lítið svo á að þá beri foreldrar og skólinn sameiginlega ábyrgð á því að nemandinn fái jafngild tækifæri til menntunar og þroska. Í raun er ekki tryggt að nemendur fái slík tækifæri og brýtur það gegn ákvæðum 2. og 29. gr. laganna um jafnræði og 2.mgr. 27.gr. um vikulegan kennslutíma hvers nemanda. Á þessu þarf að taka við yfirstandandi endurskoðun laganna.

#### Raddir nemenda

Í 1. mgr. 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins segir: „Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsllega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.“

Með breytingum á grunnskólalögum sem tóku gildi í janúar 2007 var sérstök áhersla lögð á aukin áhrif nemenda á skólastarfið með því að lögbinda að við hvern grunnskóla skuli starfa nemendaráð og því ætlað aukið hlutverk.

*Börn eiga rétt á að segja hvað þeim finnst. Það á að spyrja börn álits. Það á að virða skoðun þeirra þegar ákvarðanir eru teknar í málum sem snerta þau, hvort sem það er heima, í skólanum, hjá stjórnvöldum eða hjá dómstólum.*

*úr 12. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*

*„Við hvern grunnskóla skal starfa nemendaráð og er skólustjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Í nemendaráði situr a.m.k. einn fulltrúi úr hverjum árgangi í 6.–10. bekk sem nemendur úr þessum bekkjardeildum velja sjálfir. Nemendaráð vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólustjóri sjá til þess að ráðið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendaráð skal fá skólanámskrá til umsagnar og aðrar áætlanir er varða skólahaldið. Nemendaráð skal jafnframt fá til umsagnar fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin.“*

*1. mgr. 17.gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995*



Nefnd sú er endurskoðar lög um grunnskóla fól umboðsmanni barna að fá nokkra nemendur á fund nefndarinnar enda talið mikilvægt að hlusta á það sem börnin sjálf hafa fram að færa. Sjö nemendur 8., 9. og 10. bekkjar úr Hagaskóla fóru á fund nefndarinnar ásamt umboðsmanni barna þann 7. júní 2006.

Meðal þess sem þeir vildu koma á framfæri var að auka þyrfti vægi lista og verklegs náms, m.a. með því að auka verklegt nám í náttúrufræði. Þá ættu nemendur að fá að velja fyrr og um fleiri valgreinar. Prófefnið fannst þeim takmarkað sem og framsetning þess að því leyti að nemandi getur verið óheppinn á prófinu, spurningar þyrftu að vera opnari og gefa nemendum kost á að svara í lengra máli. Jafnframt töldu þeir einkunnagjöf á skalanum 0 - 10 alltof takmarkaða. Þá fannst þeim að framhaldsskólarnir ættu ekki bara að horfa á einkunnir í samræmdu prófunum heldur líka skoða hvaða valgreinar nemandi velur og hvernig hann stendur sig í þeim til þess að meta hvernig námsmaður hann er og hvort hann á erindi í viðkomandi skóla. Þá væri hægt að huga að inntökuprófum í framhaldsskólana í stað samræmdra prófa. Taka þyrfti meira tillit til þeirra sem eru ekki góðir í bóklegum fögum eða eiga erfitt með að taka próf. Þá töldu þeir yngstu bekkina vera of auðveldar og í raun bara geymslustaði fyrir börn á meðan foreldrarnir væru í vinnu. Aðspurðir um nemandalýðræði sögðu þeir að það ætti að vera meira og sögðust aldrei vera spurð um neitt.

Til þess fá álit og heyra skoðanir barna á skólanum sínum, var í tilefni af endurskoðun grunnskólaganna, spurningin „*hverju þarf að breyta í skólanum?*“ sett inn á barna- og unglingasíðu heimasíðu umboðsmanns barna. Meðal þess sem fram kom í ábendingum barnanna var að það væri of mikill hávaði og læti í skólanum. Skólinn byrjaði alltof snemma á morgnana og vinnudagur væri of langur. Þá töldu margir að það væri vondur matur í skólanum. Auka þyrfti gæslu í frímínútum, þannig að krökkum sem lenda í vandræðum sé hjálpað, en starfsmenn standi ekki bara og tali saman. Þá vildu margir meiri enskukennslu.

Fyrirhugað er að leita frekar eftir sjónarmiðum barna á heimasíðu embættisins þegar frumvarp til nýrra grunnskólalaga liggur fyrir og koma þeim á framfæri. Jafnframt er hafinn undirbúningur að því að koma á tengiliðum við skóla víðs vegar um landið þar sem ákveðnar bekkjardeildir munu starfa sem ráðgjafar embættisins auk þess að vinna ýmis verkefni tengd nemandalýðræði. Aðalmarkmiðið er að heyra skoðanir íslenskra barna á ýmsum málum er varða hagsmunum þeirra, réttindi og skyldur og jafnframt auka tengsl umboðsmanns barna við börnin í landinu.

## Lesblinda og aðrir lestrarörðugleikar

Á fundi sem umboðsmaður átti með menntamálaráðherra í febrúar 2006 greindi umboðsmaður ráðherra frá ábendingum sem embættinu hafa borist um vandamál og úrræðaleysi vegna barna sem eiga við lestrarörðugleika eða leshömlun (dyslexiu / lesblindu) að stríða þrátt fyrir ýmsar aðgerðir af hálfu menntamálaráðuneytisins undanfarin ár. Það væri frumskylda skólakerfisins að sjá til þess að nemendur tileinki sér grundvallarfærni í grunngreinum og ótækt væri að nemendum með lestrarörðugleika væri ekki sinnt sem skyldi í skólakerfinu.

Reglugerð nr. 386/1996 um sérfræðiþjónustu skóla var breytt árið 2003 á þann veg að skólum var gert að kanna á fyrstu árum skólagöngu hvaða nemendur eiga í erfiðleikum með lestrarnám og bregðast við með kerfisbundnum hætti. Jafnframt var kveðið á um að menntamálaráðuneytið skyldi á tveggja ára fresti kalla eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um lestrarfærni nemenda í einstökum skólum og hvernig brugðist væri við lestrarvanda nemenda. Hvatti umboðsmaður ráðherra til að láta kalla eftir þessum upplýsingum. Í maí 2006 var hafin slík úttekt og í nóvember skipaði menntamálaráðherra nefnd til að gera tillögur um úrræði fyrir nemendur með leshömlun (dyslexiu/lesblindu) og aðra lestrarörðugleika í grunn- og framhaldsskólum. Átti umboðsmaður barna sæti í nefndinni.

Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu þann 15. maí 2007 en þar er m.a. lagt til að útbúið sé fræðslufni, unnin verði samræmd skimunarpróf fyrir 1.-3. bekk grunnskóla, gefið verði út kennslufni í lestri fyrir fyrstu bekki grunnskóla, samræmdum prófum í 4. og 7. bekk breytt þannig að þau nýtist til að skima fyrir lestrarvanda, nemendum grunn- og framhaldsskóla verði tryggt gott aðgengi að upplýsingatækni og að í því samhengi verði skólabókasöfn eflað þannig að þau geti betur sinnt nemendum með leshömlun og komið verði til móts við framhaldsskólanemendur sem ekki hafa fengið formlega greiningu. Þá lagði nefndin til ákveðnar breytingar á gildandi lögum og reglum um grunn- og framhaldsskóla.<sup>21</sup>

Menntamálaráðuneytið hefur hrundið af stað aðgerðaáætlun til að koma tillögum nefndarinnar í framkvæmd en á fjárlögum 2007 eru 15 milljónir króna sem ætlaðar eru til að mæta kostnaði af bættum úrræðum fyrir einstaklinga með leshömlun. Þá hefur sérstökum starfshópi verið fallin ábyrgð á því að koma tillögum nefndarinnar í framkvæmd.

<sup>21</sup> Hægt er að nálgast skýrslu nefndarinnar á heimasíðu umboðsmanns barna [www.barn.is](http://www.barn.is) undir liðnum fréttir 2007 og á [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is) undir liðnum útgefið efni - ný rit.



## Vinnuumhverfi barna í skólum

Í júlí 2005 sendi umboðsmaður barna menntamálaráðherra bréf er varðaði skólann sem vinnustað nemenda með tilmælum um að við þá endurskoðun sem þá stóð yfir á lögum um grunnskóla yrði kveðið skýrt á um rétt nemenda til öruggs vinnu- og námsumhverfis. Brugðist var hratt og vel við þeim tilmælum og í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um grunnskóla sem lagt var fram í janúar 2006 voru ákvæði í þessa veru. Frumvarpið var samþykkt sem lög nr. 98/2006 og tóku

Í janúar og maí 2007 átti umboðsmaður barna fundi með tveimur af þeim er héldu fyrirlestra á fyrrgreindri ráðstefnu, þeim Ólafi Hjálmarssyni, verkfræðingi og dr. Valdísi I. Jónsdóttur, heyrnar-, tal- og raddmeinafræðingi. Á fundunum lýstu þau yfir áhyggjum af hljóðvist í leik- og grunnskólum enda hafi mælingar Vinnueftirlits ríkisins ítrekað sýnt að hávaði sé þar yfir hættumörkum og ljóst væri að ákvæði byggingarreglugerðar nr. 441/1998, reglugerðar um hávaða nr. 933/1999 og reglugerðar um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum nr. 921/2006 séu þverbrotin í þessu efni.



*„Grunnskólinn er vinnustaður nemenda. Við hönnun og byggingu skólahúsnæðis skal taka mið af þörfum nemenda og líðan og leggja áherslu á öruggt náms- og starfsumhverfi.“*

*úr 1.mgr. 18.gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995*

þau gildi þann 1. janúar 2007. Með lögum þessum er kveðið svo á að grunnskólinn sé vinnustaður nemenda og að við hönnun og byggingu skólahúsnæðis skuli taka mið af þörfum nemenda og líðan og leggja áherslu á öruggt náms- og starfsumhverfi. Þá er hnykkt á rétti nemenda til viðunandi námsumhverfis.

Hljóðvist í leik- og grunnskólum er sérstakt áhyggjuefni að mati umboðsmanns barna. Í apríl 2005 var haldin ráðstefna um hávaða í umhverfi barna á vegum Umhverfisstofnunar, Heyrnar- og talmeinaastöðvar, Lýðheilsustöðvar, Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar og Vinnueftirlits ríkisins.

Eins og áður hefur verið rakið kom umboðsmaður barna ábendingum um að huga þurfi að hljóðvist í leik- og grunnskólum á framfæri við þær nefndir sem unnið hafa að endurskoðun laga um þau skólastig.

Í júní 2007 ritaði umboðsmaður menntamálaráðherra bréf þar sem ráðherra er hvattur til þess að taka hljóðvist í leik- og grunnskólum til sérstakrar athugunar. Þá telur umboðsmaður rétt að gefa út samræmdar leiðbeiningar um þetta efni fyrir hönnuði og rekstraraðila skóla með sama hætti og gert hefur verið um lýsingu í skólum. Athyglisvert er að í mælingum Vinnueftirlitsins sem fram hafa farið á Akureyri og í Reykjavík hafa nýjustu leik- og grunnskólarnir jafnvel komið ver út en þeir eldri. Það er því brýn þörf á að taka á þessu máli.<sup>22</sup>

## Upplýsingar á heimasíðu

Mikilvægt er að börn og foreldrar þeirra séu vel upplýst um réttindi sín og skyldur. Því hafa verið teknar saman ýmsar upplýsingar á heimasíðu umboðsmanns barna [www.barn.is](http://www.barn.is) er varða skólamáli, svo sem um réttindi barna í leikskólum og foreldra þeirra og um um réttindi og skyldur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum.

<sup>22</sup> Hægt er að nálgast bréfið á heimasíðu embættisins [www.barn.is](http://www.barn.is) undir liðnum fréttir 2007.

## Vinna barna og unglunga

*Nemandi má ekki stunda vinnu á starfstíma skóla valdi hún því að nemandinn geti ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar að dómi skólustjóra og kennara.*

úr 40. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995

Umboðsmaður barna hefur allt frá stofnun embættisins komið að málum sem tengjast vinnu barna og unglunga.<sup>23</sup> Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands var hlutfall barna á vinnumarkaði 18,4% á aldrinum 12-15 ára og 63% á aldrinum 16-19 ára á árinu 2005.<sup>24</sup>

### Evrópsk vinnuverndarvika

Umboðsmaður barna var á árinu 2006 í samstarfi við Vinnueftirlit ríkisins og kom m.a. að sérstöku vinnuverndarátaki þess í tilefni evrópskrar vinnuverndarviku sem bar yfirskriftina "Öruggr frá upphafi", auk fleiri aðila sem bera hag barna á vinnumarkaði fyrir brjósti, en átakið var helgað ungu fólki og vinnuvernd.<sup>25</sup>

Umboðsmaður barna, Vinnueftirlitið og Vinnu-  
málastofnun sendu í maímánuði 2006 bréf ásamt veggspjaldi<sup>26</sup> til stjórnenda matvöruverslana, skyndibitastaða og dreifingaraðila blaða og pósts til þess að vekja athygli þeirra á þeim skyldum og ábyrgð sem þeir bera skv. lögum gagnvart börnum og unglungum sem þeir ráða í vinnu.<sup>27</sup>

Í tengslum við vinnuverndarvikuna voru haldnir fundir með ýmsum hagsmunaaðilum þar sem m.a. kom fram að auka þyrfti vitund almennings um að sérstakar reglur giltu um vinnu barna og unglunga hér á landi, reglur sem ekki er ætlað að hindra vinnu heldur takmarka hana við störf sem þau ráða við andlega og líkamlega, reyna að draga með því úr álagsmeiðslum og slyshættu og tryggja að börn beri ábyrgð í samræmi við aldur.

Brýnt er að atvinnurekendur, foreldrar og börnin sjálf kynni sér þær reglur sem gilda um vinnu barna, réttindi og skyldur þannig að tryggt sé að eftir þeim sé farið. Þá er mikilvægt að foreldrar kynni börnum sínum helstu réttarreglur á vinnumarkaði áður en þau hefja störf í fyrsta sinn, s.s. reglur um ráðningarsamninga, launþega/verktaka, veikindarétt, orlofsréttindi, hvíldartíma, matar- og kaffihlé og að lesa úr launaseðli sínum.<sup>28</sup>

<sup>23</sup> Um vinnu barna og unglunga undir 18 ára aldri gildir X. kafli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga. Á heimasíðu umboðsmanns barna [www.barn.is](http://www.barn.is) og á heimasíðu Vinnueftirlitsins [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is) er að finna upplýsingar um löginn og reglugerðina.

<sup>24</sup> Sjá [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) undir liðnum *hagtvölur - laun, tekjur, vinnumarkaður*.

<sup>25</sup> Upplýsingar um evrópsku vinnuverndarvikuna sjá [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is) undir liðnum *gagnabrunnur - evrópskar vinnuverndarvikur*.

<sup>26</sup> Veggspjaldið er hægt að nálgast á [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is) undir liðnum *gagnabrunnur - börn og unglingar*.

<sup>27</sup> Hægt er að nálgast bréfið á [www.barn.is](http://www.barn.is) undir liðnum *fréttir 2006*.

<sup>28</sup> Á heimasíðu Alþýðusambands Íslands [www.asi.is](http://www.asi.is) og Verslunarmannafélags Reykjavíkur [www.vr.is](http://www.vr.is) eru greinargóðar upplýsingar um þær reglur sem gilda á vinnumarkaði.

### Reglugerð um VINNU BARNNA OG UNGLINGA

Reglugerðin tekur til vinnu einstaklings undir 18 ára aldri.

- **Ungmenn** er einstaklingur undir 18 ára aldri.
- **Barn** er einstaklingur undir 15 ára aldri eða einstaklingur í skyldunámi.
- **Unglingur** er einstaklingur 15 - 17 ára og er ekki í skyldunámi.

**Markmið** með reglugerðinni eru einkum

- að koma í veg fyrir slys og álagsmeið ungmenna
- að vinna komi ekki niður á menntun þeirra og þroska
- að stuðla að heppilegri atvinnuþátttöku ungmenna

**Skyldur atvinnurekenda**

Til atvinnurekenda eru gerðar kröfur um að þeir meti áhættu, gripi til öryggisráðstafana, tryggi ungmennum kennslu, kynni hagsanlega hættu fyrir forráðamönnum barna, ungmennunum sjálfum, samstarfsmönnum þeirra og öryggisaðilum fyrirtækisins.

**Vinna barna er almennt bönnuð nema við störf af eftfarra tagi, talin upp í viðauka 4 í reglugerðinni.**

Börn yngri en 13 ára er heimilt að ráða til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþróta- eða auglýsinga- starfsemi en þá skal alltaf leyfis Vinnueftirlitsins.

**Vinna unglunga er almennt leyfð nema við**

- hættuleg tækni og verkfæri (talin upp í viðauka 1)
- hættuleg efni (talin upp í viðauka 2)
- hættuleg störf (talin upp í viðauka 3)

Vinnutími	Börn 13 - 14 ára	Börn 15 ára í skyldunámi	Unglingar 15 - 17 ára
<b>Almennar reglur</b>			
<b>Á starfstíma skóla</b>	2 klst. á dag 12 klst. á viku	2 klst. á dag 12 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku
<b>Utan starfstíma skóla</b>	7 klst. á dag 35 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku
<b>Vinna bönnuð</b>	kl. 20-6	kl. 20-6	kl. 22-6
<b>Hvíld</b>	14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku	14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku	12 klst. á sólarhring 2 dagar á viku

Reglugerðin (nr. 426/1999) fast hjá Vinnueftirlitinu og á heimasíðunni.

**VINNUEFTIRLITIÐ**

Bískupstíðni 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610  
Netfang: [vinnueftirlit@vnet.is](mailto:vinnueftirlit@vnet.is) Heimasíða: [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is)



Verk eftir börn sem tóku þátt í listasmiðjunni *Gagn og gaman í Gerðubergi*.

## Börn og fjölmiðlar

Allt frá stofnun embættisins hefur umboðsmaður barna beitt sér gegn því að sjónvarpsefni sem ekki getur talist við hæfi barna sé sýnt á þeim tíma sem ætla má að börn séu að horfa. Því miður er börnum enn ekki sýnd sú tillitsemi sem þeim ber í þessu efni. Má sem dæmi nefna að í kringum útsendingar barnaefnis í sjónvarpi eru oft sendar út auglýsingar um dagskrárefni sem ekki er við hæfi barna.

### Endurskoðun útvarpslaga

Eins og getið er um í ársskýrslu fyrir árið 2005 þarf að mati umboðsmanns barna að taka 14. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 til endurskoðunar, en hún fjallar um vernd barna gegn óheimilu efni. Þegar frumvarp til útvarpslaga var lagt fram á Alþingi á sínum tíma sagði í athugasemdum þess að í því væri bætt við strangari skilyrðum en áður hafi verið í útvarpslögum til verndar börnum og væru þau í samræmi við 22. gr. í tilskipun Evrópusambandsins um sjónvarpsrekstur. Við meðferð frumvarpsins á þingi voru gerðar breytingar á 14. gr. þess. Í nefndarálitinu menntamálanefndar sagði að með þeim breytingum væri „fylgt nákvæmar orðalagi tilskipunar 89/552/EBE eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 97/36/EB“. Orðalag tilskipunarinnar var hins vegar ekki tekið upp orðrétt og er 14. gr. því ekki jafn skýr og nauðsynlegt væri og

má jafnvel halda því fram að eins og hún er orðuð stangist hún á við tilskipunina.

Þegar litið er til framkvæmdar útvarpslaganna og þess hvernig sjónvarpsstöðvar hér á landi raða niður dagskrárefni má augljóst vera að börnum er ekki búin sú vernd gegn óheimilu efni sem tilskipun 89/552/EBE eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 97/36/EB kveður á um og augljóslega var ætlunin með frumvarpi til útvarpslaga þegar það var lagt fram. Úr því þarf að bæta.

Á fundi með menntamálaráðherra þann 1. febrúar 2006 hvatti umboðsmaður barna ráðherra til að taka ákvæði útvarpslaga, er varða hagsmuni barna til endurskoðunar.

Í október 2006 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000, lögum um prentrétt nr. 57/1956 og samkeppnislögum nr. 44/2005, svokallað fjölmiðlafrumvarp. Ekki var í því gerð tillaga að breytingu á 14. grein útvarpslaga en umboðsmaður barna skrifaði menntamálanefnd Alþingis, sem fékk frumvarpið til umfjöllunar, bréf þar sem hvatt var til þess að við afgreiðslu málsins yrði 14. gr. breytt til samræmis við 22. gr. tilskipunar Evrópusambandsins um sjónvarpsrekstur. Frumvarpið var ekki afgreitt úr nefnd.<sup>29</sup> Því sendi umboðsmaður menntamálaráðherra bréf í lok júní 2007 þar sem hvatning um endurskoðun var áréttuð.<sup>30</sup>

*"Sjónvarpsstöðvum er óheimilt að senda út dagskrárefni, þar á meðal auglýsingar, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskrártíma sem hættu er á að börn sjái viðkomandi efni."*

*1. mgr. 14. gr. útvarpslaga nr. 53/2000*

*"Dagskrárefni, sem ekki er talið við hæfi barna, sbr. 1. mgr., skal jafnframt einungis sýnt á þann hátt að tryggjt sé með tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar. Þegar slíkt dagskrárefni er sent út skal fara á undan því munnleg viðvörðun eða það auðkennt með sjónrænu merki allan þann tíma sem útsendingin stendur yfir."*

*2. mgr. 14. gr. útvarpslaga nr. 53/2000*



<sup>29</sup> Sjá [www.barn.is](http://www.barn.is) undir lög og reglur - umsagnir til Alþingis og stjórnvalda.  
<sup>30</sup> Sjá [www.barn.is](http://www.barn.is) undir liðnum fréttir 2007.



# Auglýsingar og aukin markaðssókn gagnvart börnum

## Málþing um börn og auglýsingar

Í íslenskum rétti er börnum veitt sérstök vernd gegn auglýsingum og markaðssetningu sem beint er að þeim. Þrátt fyrir þetta er það staðreynd að auglýsingum og markaðssetningu hvers konar vöru og þjónustu er beint í æ ríkari mæli að börnum og unglíngum og það á ágengari og áhrifaríkari hátt en áður var.

*"Útvarpsauglýsingar skulu þannig gerðar og fluttar að þær valdi ekki börnum siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Í útvarpsauglýsingum er óleyfilegt að:*

*a. hvetja börn til þess að kaupa vöru eða þjónustu með því að notfæra sér reynsluleysi þeirra eða trúgírni,*

*b. hvetja börn til þess að telja foreldra sína eða aðra á að kaupa vöru eða þjónustu sem auglýst er,*

*c. notfæra sér það sérstaka trúnaðartraust sem börn bera til foreldra, kennara eða annars fólks eða*

*d. sýna börn að tilefnislausu við hættulegar aðstæður."*

1. mgr. 20. gr. útvarpslaga nr. 53/2000

Á miðju ári 2005 var stofnað embætti talsmanns neytenda. Umboðsmaður barna hafði þegar samband við nýskipaðan talsmann neytenda og óskaði eftir samstarfi við hann í ljósi þess að á öðrum Norðurlöndum hafa sambærileg embætti átt gott samstarf í þessum efnum. Ákveðið var að vekja athygli á gildandi rétti og hvetja til opinberrar umræðu um hvort þörf og vilji væri fyrir að setja frekari mörk við markaðssókn gegn börnum og stóðu umboðsmaður barna, talsmaður neytenda og Heimili og skóli fyrir málþingi þann 1. mars 2006 undir yfirskriftinni Börn og auglýsingar.

Á málþinginu voru flutt mörg áhugaverð og fróðleg erindi enda tilgangurinn að fá sem ólíkust sjónarmið fram. Málþingið hófst á ávarpi við-

*Einn af fyrirlesurunum var Unnsteinn Stefánsson, nemandi í 10. bekk Austurbæjarskóla en hann flutti einkar áhugavert erindi um viðhorf unglings og hafði hann m.a þetta um málið að segja:*

*Fyrir nokkrum vikum var ég beðinn að flytja þetta erindi um börn og auglýsingar. Í fyrstu vissi ég ekkert hvað ég átti að tala um enda þótti mér þá auglýsingar ekkert tiltökumál. En þegar ég kveikti á sjónvarpinu voru í gangi auglýsingar, þegar ég fór á netið voru auglýsingar eins og „Kjósið Björn Inga !" eða „Sendu sms í þetta númer og þú gættir unnið kók". Þannig bara við það að fá þetta verkefni í hendurnar opnuðust augu mín fyrir þessu auglýsingaflóði. Til að sleppa undan því, fór ég út í göngutúr en hvað, fyrirtæki auglýstu sig á bifreiðum starfsmanna og heilu veggirnir á Laugaveginum voru þaktir þykku lagi plakata margra ára. Auglýsingar, auglýsingar og aftur auglýsingar.*

*Það athygliverðasta við allar þessar auglýsingar*

skiptaráðherra Valgerðar Sverrisdóttur. Þá kynnti Ingibjörg Rafnar, umboðsmaður barna gildandi efnisreglur hérlendis og erlendis. Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda ræddi um gildandi formreglur og úrræði í lögum og væntingar um breytingar og Anna Birna Halldórsdóttir, sviðsstjóri markaðssviðs Neytendastofu um auglýsingar og börn - Hvenær er of langt gengið? Jón Á. Kalmansson, heimspekingur flutti erindið Bernskan og mennskan, Dr. Baldur Kristjánsson, dósent í sálarfræði við KHÍ fjallaði um auglýsingalæsi barna og Anna Elísabet Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar um neyslshvetjandi auglýsingar. Erindi Maríu Kristínar Gylfadóttur, formanns Heimilis og skóla bar yfirskriftina "Eiga auglýsendur að bjóða börnum upp í dans?" Brynhildur Pétursdóttir frá Neytendasamtökunum flutti erindi um auglýsingar og markaðsmennsku í framhaldsskólum. Þá gerði Unnsteinn Stefánsson, nemandi í 10. bekk Austurbæjarskóla grein fyrir viðhorfum unglings. Páll Lindal, formaður Samtaka auglýsenda velti því fyrir sér hvort auglýsingar hafi áhrif á börn og unglínga og Halla Helgadóttir, grafiskur hönnuður hjá Fiton auglýsingastofu talaði um varnarleysi barnsins sem neytanda. Að lokum flutti Páll Þórhallsson, lögfræðingur í forsætisráðuneytinu og fulltrúi í fjölmiðlanefnd erindi um ábyrgð ljósvakamiðla og annarra fjölmiðla.

*er þó hversu mörgum er beint að okkur börnum og unglíngum. Fæstar auglýsingar eru okkur til hagsbóta (að mínu mati) ef auglýsandinn hefur einhverra beinna hagsmuna að gæta t.d. ef verið er að selja einhverja neyslavöru. Hinsvegar eru forvarnauglýsingar eins og í kringum umferðina sem voru svo vinsælar hérna í fyrra og vöktu oft mikinn óhug eða þær forvarnauglýsingar sem er sérstaklega beint að börnum t.d. til að sporna við vímuefnaneyslu eða kynferðismisnotkun. Oft eru auglýsendur sem reyna að selja okkur hluti miklu ágengari heldur en forvarnauglýsendurnir.*

*Að lokum vil ég bara fá að segja það að mér finnst að það ætti að takmarka markaðssetningu og auglýsingar sem beint er að börnum, þær eru einfaldlega óviðeigandi. Fyrirtæki ættu heldur ekki að fá óheftan aðgang að börnum eins og er alltof allgengt í skólum í dag. Við eigum einfaldlega að fá tækifæri og tíma frá auglýsendum til að þroskast í friði.*

Á heimasíðu umboðsmanns barna [www.barn.is](http://www.barn.is) undir málaflokkar - markaðssetning eru erindin sem flutt voru á málþinginu birt. Þar er jafnframt að finna umfjöllun um markaðssetningu sem beint er að börnum.

## Mörk við markaðssókn gagnvart börnum

Eftir málþingið hafa umboðsmaður barna og talsmaður neytenda haldið samstarfi sínu áfram, farið yfir stöðu mála hér á landi og í nágrannalöndunum, víðað að sér upplýsingum og rannsóknum tengdum markaðssókn sem beint er að börnum og skoðað hvort setja eigi markaðssókninni frekari mörk og hvernig eigi þá að standa að slíku. Niðurstaðan varð sú að efna til samstarfs við hagsmunaaðila. Á árinu 2006 áttu umboðsmaður barna og talsmaður neytenda m.a. fundi með framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra auglýsingastofa.

Í júní 2007 var efnt til enn frekari fundahalda með ýmsum aðilum úr íslensku viðskiptalífi með það að markmiði að ná sem víðtækustu samkomulagi um viðmið um mörk við markaðssókn gagnvart börnum. Á fundina mættu stjórnendur eða fulltrúar Sambands íslenskra auglýsingastofa (SÍA), Samtaka verslunar og þjónustu (SVP), Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), Viðskiptaráðs Íslands (VÍ), Samtaka iðnaðarins (SI), Ríkisútvarpsins, Stöðvar 2 og Skjás eins. Erindið fékk góðar viðtökur hjá öllum ofangreindum og verður þessari vinnu haldið áfram. Stefnt er að því að fá almenn samtök eins og Neytendasamtökin og Heimili og skóla - landsamtök foreldra til samráðs.

Umboðsmaður barna og talsmaður neytenda telja mikilvægt að samkomulag náist um hvar mörkin liggi. Hafa verður í huga í þessu samhengi að börn eru ekki sjálfstæðir neytendur og hafa oft ekki nægan þroska til að meta hvað þau hafa þörf fyrir og hvað þeim er hollt. Auk þess hafa þau ekki fjárráð til að bregðast við auglýsingum eða annarri markaðssókn sem beinist að þeim. Þau meginsjónarmið hafa verið ríkjandi að því yngri sem börnin eru og því óhollari sem varan er, því meiri þörf er á takmörkun. Einnig þarf að gera kröfu um að skýrt komi fram að um sé að ræða markaðssókn sem beinist að börnum. Afstaða manna til markaðssetningar sem beint er að börnum ræðst að einhverju leyti

af gildandi reglum hverju sinni en ekki síður af siðfræðilegum sjónarmiðum. Það er nauðsynlegt að við sem samfélag höldum uppi umræðu um hvar við viljum draga mörkin og bregðumst við þegar við teljum að farið sé út fyrir þau.<sup>31</sup> Eins og áður hefur verið vikið að hefur markaðssetning gagnvart börnum orðið ágengari og áhrifaríkari en áður var ekki síst vegna þess að nýjum aðferðum og nýrri tækni er beitt. Markaðssetning hefur verið að þróast frá prent- og ljósvakamiðlum og yfir á nýja miðla svo sem farsíma, internet og tölvuleiki. Og það er sérstakt áhyggjuefni að færst hefur í vöxt að menn reyni að gera markaðssetningu vöru þannig úr garði að auglýsingaboðskapurinn er falinn eða a.m.k. ekki augljós. Í september 2006 var kynnt skýrsla sen Norræna ráðherranefndin lét vinna þar sem kortlagðar eru nýjar leiðir í markaðssetningu gagnvart 12-16 ára börnum. Í mars 2007 var haldinn fundur á vegum samstarfshópsins Náum áttum um börn og óbeina markaðssetningu og kynnti umboðsmaður barna skýrsluna þar auk þess sem hann fjallaði um íslenska löggjöf í þessu efni. Skýrsluna er að finna á heimasíðu umboðsmanns barna.<sup>32</sup>

Rétt er að benda á að lögræðislög nr. 71/1997 setja viðskiptum við börn mjög ákveðin mörk. Þar kemur skýrt fram að þó að ófjárráða börnum sé heimilt að ráðstafa sjálfsafla- og gjafafé sínu þá er þeim óheimilt að stofna til skulda. Samkvæmt því mega einstaklingar og fyrirtæki almennt ekki eiga viðskipti við ófjárráða barn sem fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir það. Því er ekki heimilt að selja barni vöru eða þjónustu með afborgunarkjörum. Að sama skapi er óheimilt að beina kröfu að barni undir 18 ára aldri til innheimtu skuldar. Jafnframt má ekki setja fjármuni barns sem tryggingu fyrir skuldbindingu eða láta ófjárráða barn gangast í ábyrgð.

Samkvæmt ofangreindu getur barn undir 18 ára því ekki fengið yfirdráttarheimild í banka, kreditkort eða tekið annars konar lán. Þá verða debetkort sem afhent eru ófjárráða börnum að vera síhringikort, þ.e. kort sem kanna innistæðu í hvert sinn sem þau eru notuð. Þetta þýðir að fari þau yfir á reikningi sínum getur fjármálastofnun vart beint kröfu að þeim fyrir FIT - kostnaði.

*"Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda."*

5. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005

*"Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim. Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrifa á þau. Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er."*

3. - 5. mgr. 8. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005

*„Lögráða verða menn 18 ára. Lögráða maður er sjálfráða og fjárráða."*

1. mgr. 1. gr. lögræðislaga nr. 71/1997

*"Ófjárráða maður ræður ekki fé sínu nema lög mæli á annan veg... Ófjárráða maður ræður sjálfur sjálfsaflafé sínu... gjafafé sínu...og því fé sem lögráðamaður hans hefur látið hann hafa til ráðstöfunar..."*

úr 1. - 4. mgr. 75. gr. lögræðislaga nr. 71/1997

*"Ákvæði þessarar greinar heimila hvorki ófjárráða manni að stofna til skulda né veðsetja þá fjármuni sem þau taka til."*

7. mgr. 75. gr. lögræðislaga nr. 71/1997

31 Á heimasíðu talsmanns neytenda [www.tn.is](http://www.tn.is) er hægt að nálgast frekari upplýsingar um verkefnið undir mörk við markaðssókn gagnvart börnum.

32 Sjá [www.barn.is](http://www.barn.is) undir liðnum málaflokkar - markaðssetning.



Verk eftir börn sem tóku þátt í listasmiðjunni  
Gagn og gaman í Gerðubergi.





## Börn af erlendum uppruna

Málefni barna af erlendum uppruna hafa mikið verið til umræðu á síðustu misserum. Af umræðunni má vera ljóst að þörf er á að taka á þeirra málum á öllum sviðum samfélagsins. Mikilvægt er að það náist viðtæk samvinna um að tryggja að réttur þessara barna sé virkur og virtur. Árið 2006 tók embætti umboðsmanns barna þennan málaflukk til sérstakrar skoðunar og fékk m.a. Friðbjörgu Ingimarsdóttur, þáverandi kennslufulltrúa nýbúafraeðslu Menntasviðs Reykjavíkur á sinn fund. Þá kom umboðsmaður barna jafnframt ábendingum á framfæri til þeirra nefnda sem vinna að endurskoðun skólalöggjafarinnar um að sérstaklega þurfi að huga að hagsmunum þessara barna.

Skyldur stjórnvalda í þessu efni eru skýrar. Í því sambandi nægir að vísa til ákvæða Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, en þar segir í 1. mgr. 2. gr. :

*„Aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi, sem kveðið er á*

33 Sjá [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) undir liðnum hagtölur - mannfjöldi.

*um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnálaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðháttar eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.“*

## Fjölgun barna með annað móðurmál

Á undanförunum árum hefur fólki af erlendum uppruna fjölgað á Íslandi. Börnum sem hafa annað móðurmál en íslensku hefur því farið fjölgandi jafnt í leikskólum sem og grunnskólum. Ótvírætt er að þeim mun fjölga enn frekar á næstu árum. Árið 2001 var hlutfall barna á leikskólum með annað móðurmál en íslensku um 4,8%. Árið 2006 var þetta hlutfall komið upp í 7,7% allra leikskólabarna eða samtals 1.333 börn. Árið 2006 voru 1.613 nemendur í íslenskum grunnskólum með annað móðurmál en íslensku eða um 3,7% grunnskólánemenda.<sup>33</sup>

*“Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“*

1. mgr.65.gr. stjórnskrár Íslands nr. 33/1944

*Öll börn eru jöfn. Það má ekki mismuna börnum, t.d. vegna útlits, uppruna eða trúar.*

úr 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

## Líðan barna af erlendum uppruna í skóla

Börn af erlendum uppruna standa að ýmsu leyti verr að vígi en jafnaldrar þeirra af íslenskum uppruna. Menningar- munur og tungumálaörðugleikar geta gert þeim erfitt uppdráttar og rannsóknir hafa leitt í ljós að líklegra er að börnum og unglingum af erlendum uppruna líði illa í skóla og verði auk þess frekar fyrir einelti.

Samkvæmt rannsókn sem gerð var af Háskólanum á Akureyri og Lýðheilsustöð árið 2006 um heilsu og lífskjör skólanema áttu um 10% nemenda í 10. bekk a.m.k. eitt foreldri af erlendum uppruna. Þeim nemendum sem áttu báða foreldra af íslenskum uppruna leið best í skóla en um 78% þeirra leið vel í skóla. Um 74% þeirra sem áttu foreldra af vestrænum uppruna leið vel í skólanum en hins vegar aðeins um 71% þeirra sem áttu foreldra af öðrum erlendum uppruna. Það virðist því sem líðan í skóla sé heldur lakari meðal þeirra sem eiga uppruna sinn í fjarlægari heimshlutum.

Unglingar af erlendum uppruna eru einnig næstum því þrisvar sinnum líklegri til að verða fyrir einelti en ungl- ingar af íslenskum uppruna. Um 11% nemenda í 10. bekk af íslenskum uppruna sögðust hafa verið lagðir í einelti á undanförunum mánuðum. Hins vegar höfðu um 29% unglinga af erlendum uppruna verið lagðir í einelti á sama tímabili.<sup>34</sup>

## Endurskoðun laga

Eins og áður er vikið að hefur verið unnið að endurskoðun skólalöggjafarinnar. Í ábendingum og minnisblöðum sem umboðsmaður lagði fram í þeim nefndum sem vinna að þeirri endurskoðun var lögð áhersla á nauðsyn þess að taka málefni nemenda af erlendum uppruna til sérstakrar skoðunar. Nú eru um 1600 nemendur í grunnskólum á Íslandi með annað móðurmál en íslensku. Á næstu miss- erum mun þeim eflaust fjölga til muna. Ljóst er að fjalla þarf um mál þessara barna með ítarlegri hætti í lögnum en nú er gert og huga sérstaklega að samstarfi skóla við foreldra þeirra. Nemendur og ekki síður foreldrar þeirra þurfa að eiga greiðan aðgang að upplýsingum og ráðgjöf og vert væri að huga að því hvort skipa ætti þeim tals- mann í einhverjum tilvikum.

## Þýðing á efni um réttindi barna

Mikilvægt er að börn innflytjenda fái notið réttinda sinna til jafns við önnur börn hér á landi. Umboðsmaður barna hefur bent á nauðsyn þess að upplýsingar um réttindi þeirra séu þeim sem og foreldrum þeirra aðgengileg á tungumáli sem þau skilja. Er því nauðsynlegt að hugað sé að þýðingu efnis sem varða börn sérstaklega. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, var full- giltur af Íslands hálfu árið 1992. Þar er eins og áður segir kveðið á um að aðildarríkin skuli virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem er að finna í samningnum án mismununar af nokkru tagi. Á heimasíðu umboðsmanns barna er Barnasáttmálinn birtur á ýmsum tungumálum. Með því er reynt að koma til móts við þau börn, ungmenni og foreldra sem flutt hafa til landsins og hafa ekki enn náð tókum á íslenskri tungu.<sup>35</sup>

Jafnframt er þar að finna á ensku ýmis lög er varða hags- muni barna sérstaklega, svo sem barnalög, barnaverndar- lög, ættleiðingarlög og lög um leik-, grunn- og framhalds- skóla. Þá er þar að finna stjórnarskrá Íslands og ýmis lög er varða stjórnýslu, ríkisborgararétt, útlendinga, hjúskap og félagsleg réttindi, svo sem um almannatryggingar, félagslega aðstoð og fæðingarorlof.

Þess ber að geta að á vef stjórnarráðsins og hinna ýmsu ráðuneyta er þess ekki gætt sem skyldi að uppfæra lög í enskri þýðingu þegar þeim er breytt og á því þarf að ráða bót.

## Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda

Í janúar 2007 var á vegum félagsmálaráðuneytisins gefin út stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda.<sup>36</sup> Í stefnunni eru sett fram ýmis markmið og tilgreindar leiðir að þeim. Meðal annars er stefnt að því að nemendur á öllum skólastigum sem hafa annað móðurmál en íslensku njóti réttar síns til náms í íslensku en verði jafnframt gefinn kostur á að viðhalda eigin móðurmáli. Auk þess skal stefnt að því að auðvelda foreldrum þessara barna þátttöku í skólastarfi.

Í þingsályktunartillögu þeirri sem Alþingi samykkti í júní 2007 um aðgerðaáætlun í þágu barna og ungmenna 2007-2011 er sérstakur kafli helgaður börnum innflytj- enda þar sem lögð er áhersla á nauðsyn þess að styrkja réttarstöðu þeirra.

34 Úr svokallaðri HBSC s kýrslu en þar er um að ræða íslenskan hluta alþjóðlegrar rannsóknar sem unnin er að tilstuðlan Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og nefnist „Health and Behaviour in School-aged Children“. Nánari upplýsingar er að finna á vef Lýðheilsustöðvar [www.lydheilsustod.is](http://www.lydheilsustod.is).

35 Á [www.barn.is](http://www.barn.is) er barnasáttmálinn birtur á arabísku, dönsku, ensku, finnsku, frönsku, hollensku, ítölsku, japönsku, kínversku, króatísku, norsku, portúgölsku, pólsku, rússnesku, spænsku, sænsku, tyrknesku og þýsku.

36 Hægt er að nálgast stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda 2007 á vef félagsmálaráðuneytis [www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/innflytjendur/adlogun/nr/3299](http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/innflytjendur/adlogun/nr/3299).





## Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

Mikilvægur þáttur í starfi umboðsmanns barna er að veita Alþingi umsagnir um lagafrumvörp og tillögur til þingsályktunar er varða hagsmuni og réttindi barna. Jafnframt kemur fyrir að óskað sé eftir umsögn um drög að frumvörpum eða reglugerðum, sem eru til vinnslu í ráðuneytunum.

Umboðsmaður barna veitti á tímabilinu umsagnir um eftirfarandi þingmál:<sup>37</sup>

- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, 365. mál, heimilisofbeldi. Umsögn dags. 12. janúar 2006.
- Frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, 389. mál. Umsögn dags. 13. janúar 2006.
- Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tækni-frjóvgun), 340. mál. Umsögn dags. 20. janúar 2006.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, 388. mál, reykningabann. Umsögn dags. 21. febrúar 2006.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum, 447. mál. Umsögn dags. 13. mars 2006.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vegabréf nr. 136/1998, 615. mál. Umsögn dags. 31. mars 2006.
- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjar-skípti (samningur Evrópuráðsins um tölvubrot), mál nr. 619.

Umsögn dags. 25. apríl 2006.

- Frumvarp til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, mál nr. 695. Umsögn dags. 5. maí 2006, en áður hafði umboðsmaður barna komið að málinu meðan það var í vinnslu í menntamálaráðuneytinu.
- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot), 20. mál. Umsögn dags. 10. nóvember 2006.
- Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956 og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum, 58. mál. Umsögn dags. 29. desember 2006.

Umboðsmaður barna er oft boðaður á fund þingnefnda til að fjalla um umsagnir um frumvörp til laga. Þannig mætti umboðsmaður á fund allsherjarnefndar þann 31. janúar 2006 vegna 279. máls - frumvarps til laga um breytingu á nokkrum lögum á sviði sífjaréttar- sameiginleg forsjá barns o.fl., en umsögn hafði umboðsmaður veitt þann 1. desember 2005 og á fund félagsmálanefndar vegna 389. máls - frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sama dag. Þann 28. febrúar 2006 mætti umboðsmaður á fund allsherjarnefndar vegna 340. máls - frumvarps til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tækni-frjóvgun) og þann 24. mars 2006 á fund menntamálanefndar Alþingis vegna 447. máls - frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Þá mætti umboðsmaður á fund allsherjarnefndar Alþingis 30. janúar og 13. febrúar 2007 vegna frumvarps um breytingar á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

<sup>37</sup> Hægt er að nálgast flestar umsagnirnar á [www.barn.is](http://www.barn.is) undir liðnum lög og reglur.

## Innlent samstarf

Embætti umboðsmanns barna hefur átt farsælt samstarf við ýmsar stofnanir og félagasamtök. Þar sem embætti umboðsmanns barna er lítið og starfsmenn fáir hefur umboðsmaður lítið svo á að lykili að góðum árangri sé náð og gott samstarf við aðra þá aðila sem láta sig hagsmuni og velferð barna varða. Nefna má nokkur dæmi um verkfni sem umboðsmaður barna vann að ásamt öðrum:

### Verndum bernskuna

Í júní 2006 lauk sameiginlegu átaki biskups Íslands, forsætisráðherra, Velferðarsjóðs barna, umboðsmanns barna og Heimilis og skóla undir heitinu Verndum bernskuna. Það hófst í september 2005 og stóð í 10 mánuði. Markmið þess var að vekja samfélagið til umhugsunar um þau verðmæti sem falin eru í börnum þessa lands og jafnframt að koma á framfæri tíu hollráðum varðandi börn og barnauppleði til allra foreldra og forráðamanna barna á Íslandi. Útbúið hefur verið segulspjald með heilræðunum tíu sem dreift verður nú á haustdögum 2007.

## VERNDUM BERNSKUNA

HEILRÆÐI 1 : **Leyfum barninu að vera barn**

HEILRÆÐI 2 : **Þorum að axla ábyrgð sem uppalendur**

HEILRÆÐI 3 : **Viðurkennum barnið eins og það er**

HEILRÆÐI 4 : **Verum til staðar fyrir barnið**

HEILRÆÐI 5 : **Munum að rækta okkur sjálf**

HEILRÆÐI 6 : **Hlífum barninu við ónauðsynlegu áreiti**

HEILRÆÐI 7 : **Setjum foreldrahlutverkið í forgang**

HEILRÆÐI 8 : **Veitum frelsi – en setjum mörk**

HEILRÆÐI 9 : **Verum barninu mikilvæg**

HEILRÆÐI 10 : **Verndum bernskuna**

[www.verndumberskuna.is](http://www.verndumberskuna.is)



### Lýðheilsustöð

Umboðsmaður barna hefur átt gott samstarf við Lýðheilsustöð á ýmsum sviðum. Nefna má sem dæmi könnun sem stofnanirnar tvær ásamt talsmanni neytenda stóðu fyrir á áfengisauglýsingum og kostun tiltekinna dagskrárliða sjónvarpsstöðvanna af hálfu bjórframleiðenda. Þessi könnun leiddi til formlegs erindis til útvarpsréttarnefndar þar sem óskað var eftir að hún kannaði hvort íslenskar sjónvarpsstöðvar hefðu brotið gegn tilgreindum ákvæðum útvarps- og áfengis laga.<sup>38</sup>

Þá sat umboðsmaður barna í samstarfshópum undir stjórn Lýðheilsustöðvar þar sem annars vegar var fjallað um geðheilbrigði barna og ungmenna og hins vegar um kynhegðun og kynheilbrigði unglunga.<sup>39</sup>

### Talsmaður neytenda

Embættið hefur haldið áfram góðri samvinnu við talsmann neytenda m.a. vegna auglýsinga og markaðssóknar sem beint er að börnum og unglungum, sbr. umfjöllun hér að framan.<sup>40</sup>

### Heimili og skóli

Umboðsmaður barna hefur átt mjög gott samstarf við landsamtökin Heimili og skóla vegna ýmissa málefna er tengjast málefnum grunnskólans. Þá tóku Heimili og skóli þátt í átaksverkefninu Verndum bernskuna og í málþinginu um börn og auglýsingar í mars 2006.<sup>41</sup>

### Saman hópurinn

Fulltrúi frá umboðsmanni hefur setið í SAMAN - hópnum sem er samstarfsvettvangur frjálsra félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana sem láta sig velferð barna og fjölskyldna þeirra varða. Markmiðið er að vekja athygli á þeirri ógn sem börnum og unglungum stafar af útbreiðslu áfengis og vímuefna í samfélaginu, styðja foreldra í uppeldishlutverkinu og hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar. Þetta hefur verið gert með gerð og útgáfu auglýsinga ásamt fræðslu- og kynningarefni.<sup>42</sup>

### Náum áttum

Þá hefur embætti umboðsmanns barna einnig átt fulltrúa í samstarfshópnum Náum áttum sem er opin samstarfshópur þeirra sem láta sig varða heill barna og ungmenna. Hópurinn stendur fyrir fræðslufundum einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina um hvaðeina sem snertir börn og sem talið er vert að vekja athygli samfélagsins á.<sup>43</sup>

38 Sjá [www.barn.is](http://www.barn.is) undir liðnum fréttir 2006.

39 Heimasíða Lýðheilsustöðvar [www.lydheilsustod.is](http://www.lydheilsustod.is).

40 Heimasíða talsmanns neytenda [www.tn.is](http://www.tn.is).

41 Heimasíða Heimili og skóla [www.heimilioskoli.is](http://www.heimilioskoli.is).

42 Heimasíða Saman hópsins [www.samanhopurinn.is](http://www.samanhopurinn.is).

43 Heimasíða Náum áttum [www.naumattum.is](http://www.naumattum.is).

## Erlent samstarf

### Fundur samtaka evrópskra umboðsmanna barna (ENOC) í Dublin 2006

Árið 1997 voru samtökin ENOC stofnuð af umboðsmönnum barna í 10 löndum í Evrópu. Samtökin hafa þróast og stækkað mikið frá stofnun þeirra, en nú eiga um 31 embætti í 24 ríkjum aðild að samtökunum. Í ljósi þess var haldinn sérstakur fundur sem umboðsmaður barna sótti í Dublin á Írlandi í maí 2006, í þeim tilgangi að endurskoða samþykktir samtakanna og styrkja grundvöll þeirra og starfsemi.



### Fundur norrænna umboðsmanna barna í Reykjavík í júní 2006

Embætti umboðsmanna barna á Norðurlöndum gegna öll svipuðu hlutverki samkvæmt lögum, en hins vegar eru embættin nokkuð mismunandi hvað varðar stærð og umgjörð. Árlegir fundir norrænna umboðsmanna barna eru mikilvægir fyrir þá sem gegna því starfi m.a. vegna sérstöðu embættanna. Þá eru félagslegar aðstæður og löggjöf í þessum löndum með líku sniði. Því er mikils um vert, að geta með þessum hætti haft samráð við aðra sem vinna við sömu eða svipaðar aðstæður.<sup>44</sup>

Umboðsmenn barna í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi og formaður Barnaráðsins í Danmörku hittust í Reykjavík á sínum árlega fundi dagana 1.- 2. júní 2006. Þetta er í þriðja sinn sem slíkur fundur er haldinn hér á landi, en hann hefur verið haldinn til skiptis í höfuðborgum Norðurlanda frá árinu 1995. Á fundinum var fjallað um starfsemi embættanna á næstliðnu ári og jafnframt sérstaklega rætt um eftirtalin efni:

- Aukin tíðni geðraskana meðal barna.
- Börn sem eiga foreldra með geðraskanir.
- Börn fanga.
- Skýrslutökur af börnum í kynferðisbrotamálum og réttarstaða þeirra við meðferð mála fyrir dómi.



Umboðsmenn barna á Norðurlöndum, Reidar Hjermann frá Noregi, Lena Nyberg frá Svíþjóð, Maria Kaisa Aula frá Finnlandi, Ingibjörg Rafnar frá Íslandi ásamt Klaus Wilmann formanni Barnaráðsins í Danmörku.



Þá heimsóttu umboðsmennirnir Barnahús og höfuðstöðvar Neyðarlinunnar og voru þeir afar hrifnir af þeirri starfsemi sem er rekin þar.

<sup>44</sup> Heimasíða norska umboðsmannsins [www.barneombudet.no](http://www.barneombudet.no), heimasíða sænska umboðsmannsins [www.bo.se](http://www.bo.se), heimasíða Barnaráðsins í Danmörku [www.boerneraadet.dk](http://www.boerneraadet.dk), heimasíða finnska umboðsmannsins [www.barnombudsman.fi](http://www.barnombudsman.fi).





### Fundur starfsmanna umboðsmanna barna á Norðurlöndunum í Osló í desember 2006

Allir starfsmenn embætta umboðsmanna barna á Norðurlöndum hittust í fyrsta sinn á fundi 6. – 7. desember í Osló. Embættin eru að miklu leyti að fást við samskonar verkefni og því gagnlegt að starfsmenn þeirra eigi þess kost að hittast og skiptast á skoðunum og miðla upplýsingum og reynslu varðandi þau málefni sem þeir fjalla um í daglegum störfum sínum.

Á fundinum var farið yfir starfsemi og áherslur hvers embættis fyrir sig og allir starfsmenn embættanna og hlutverk þeirra kynnt. Þá var fundarmönnum skipt upp í vinnuhópa og í kjölfarið voru niðurstöður hópanna kynntar. Meðal þess sem rætt var:

- Samskipti við börn og unglinga og hvernig má tryggja virka þátttöku þeirra í samfélaginu.
- Börn frá mismunandi menningarheimum.

- Sjónarhorn barna á lögin og réttarkerfið.
- Leiðir til að ná til og hafa áhrif á stjórnvöld, ríki og sveitarfélög.
- Börn og fjölskyldur í sérstökum áhættuhópum.
- Tækni og börn – stafræna öldin.
- Alþjóðlegt samstarf og skýrslugjöf til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.

Þá komu góðir gestir á fundinn, t.d. talsmaður neytenda í Noregi, formaður síðanefndar norska blaðamannafélagsins og síðast en ekki síst ungmennaráð norska umboðsmannsins.

### Fundur norrænna umboðsmanna barna í Jyväskylä í júní 2007

Árlegur fundur norrænna umboðsmanna barna var haldinn í Jyväskylä í Finnlandi 31. maí – 1. júní 2007. Meðal umræðuefna voru verkefni embættanna á næstliðnu ári ásamt því að sérstaklega var rætt um réttindi minnihlutahópa og málefni barna foreldra sem eiga við fíkniefnavanda að stríða.



Á meðfylgjandi mynd er frá vinstri talið Maria Kaisa Aula frá Finnlandi, Lena Nyberg frá Svíþjóð, Charlotte Guldborg frá Danmörku, Reidar Hjermand fra Noregi og Ingibjörg Rafnar frá Íslandi.



## Skýrsla Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn börnum – ályktun um viðbrögð

Þá var á fundinum rætt um skýrslu Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn börnum og samþykkt ályktun um að hvetja ríkisstjórnir landanna til að bregðast við henni.

Skýrsla þessi, sem lögð var fram á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 2006 var unnin af sérfræðinga-nefnd á vegum framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Skýrslan dregur upp afar dökka mynd af ástandi mála í þessu efni í heiminum. Ljóst er af skýrslunni að af þeim 191 aðildarríkjum sem fullgilt hafa Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins hafa aðeins 18 ríki samþykkt löggjöf sem bannar hvers konar ofbeldi gegn börnum en Ísland er eitt þeirra. Ekki þarf að hafa mörg orð um hversu alvarlegar afleiðingar ofbeldis gegn börnum geta verið. Ofbeldi gegn varnarlausum börnum er aldrei verjandi og má ekki líðast.

Á fundinum var samþykkt ályktun þess efnis að hvetja ríkisstjórnir landanna til að vinna að því að á allsherjarþinginu 2007 verði skipaður sérstakur fulltrúi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til að fylgja eftir tillögum um viðbrögð við þessum vanda er fram koma í skýrslu þessari.

Umboðsmaður barna ritaði Geir H. Haarde, forsætisráðherra, bréf þann 14. júní þar sem ályktuninni er komið á framfæri.<sup>45</sup>

### Heimsókn starfsmanna umboðsmanns barna í Litháen til Íslands

Þrjú fulltrúar frá umboðsmanni barna í Litháen heimsóttu embætti umboðsmanns barna í nóvember 2006 til þess að kynna sér starfsemi embættisins og einstök málefni s.s. réttindi vegalausra barna, forvarnarstefnu í áfengis-, tóbaks- og vímuefnamálum og réttarreglur varðandi fjölmiðla og markaðssókn sem beint er að börnum. Auk þessa vildu þeir fræðast um stöðu barna með sérþarfir og námsörðugleika í menntakerfinu og hvort réttur barna til hvíldar og tómstunda yfir sumartímann væri nægilega tryggður.

### Heimsókn starfsmanna umboðsmanns barna í Noregi til Íslands

Í janúar 2007 komu hingað til lands tveir starfsmenn frá embætti umboðsmanns barna í Noregi gagngert til þess



að kynna sér starfsemi Neyðarlínunnar 112 og sérstaklega þann þátt starfseminnar er varðar barnaverndartilkynningar. Norska umboðsmanninum, Reidar Hjermann, leist mjög vel á starfsemi Neyðarlínunnar, sem kynnt var á norræna umboðsmannafundinum í júní 2006 og vill að sambærilegt kerfi verði að veruleika í Noregi. Með í för voru þáttagerðarmenn frá norska sjónvarpinu NRK 1 sem gerðu sjónvarpsþátt um heimsóknina og starfsemi Neyðarlínunnar 112.

Norski umboðsmaðurinn hefur nú gert skýrslu um Neyðarlínuna og sent ríkisstjórn Noregs með hvatningu um að komið verði upp Neyðarlínu fyrir börn með svipuðu sniði og er hér á landi.<sup>46</sup>

Jafnframt heimsóttu starfsmennirnir Barnaverndarstofu, Barnahús, Stuðla og leikskólasvið Reykjavíkurborgar þar sem þeir kynntu sér sérstaklega starfsemi og eftirlit með þjónustu dagforeldra á Íslandi.

Í kjölfar heimsóknarinnar lét umboðsmaður barna þýða reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005 á ensku, en norski umboðsmaðurinn hyggst nýta hana við gerð reglna í Noregi um starfsemi dagforeldra.

### Aðrir erlendir gestir

Fleiri erlendir gestir komu á fund umboðsmanns barna. Má þar nefna stjórn málaerindreka bandaríska sendiráðsins sem kom vegna skrifta um málefni barna í „Human Rights Report 2005“. Einnig kom fulltrúi frá sænska sendiráðinu og fulltrúi úr félags- og þróunarráðuneyti Suður-Afríku á fund umboðsmanns.

<sup>45</sup> Hægt er að nálgast bréfið, ályktun umboðsmanna barna á Norðurlöndunum og skýrslu Sameinuðu þjóðanna á heimasíðu embættisins [www.barn.is](http://www.barn.is) undir liðnum fréttir.

<sup>46</sup> Á heimasíðu umboðsmanns barna í Noregi er að finna umfjöllun um aðgerðir hans í þessu máli [www.barneombudet.no/cgi-bin/barneombudet/limaker?id=28775&etvingmal=2830](http://www.barneombudet.no/cgi-bin/barneombudet/limaker?id=28775&etvingmal=2830).



## Samstarfssamningar

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna skal embættið m.a. beita sér fyrir því að gerðar verði rannsóknir er varða börn og ungmenni. Þar sem embættið hefur ekki mikla burði til þess að standa fyrir þeim sjálfst ákvað umboðsmaður barna að styðja og standa við bakið á nokkrum aðilum sem vinna að slíkum rannsóknum.

### Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna stofnuð

Í maí 2007 var stofnuð rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna við Kennaraháskóla Íslands. Samstarfs- og stuðningsaðilar rannsóknarstofunnar eru Kennarasamband Íslands, Reykjavíkurborg og umboðsmaður barna. Menntunarfræði ungra barna er það fræðasvið sem fjallar um börn, aðstæður þeirra og nám frá fæðingu til átta ára. Aðalmarkmið rannsóknastofunnar er að auka og efla rannsóknir á menntun og uppeldi ungra barna og vera vettvangur fræðaþróunar á því sviði. Forstöðumaður rannsóknastofunnar er Jóhanna Einarsdóttir prófessor við Kennaraháskóla Íslands.



Á myndinni undirrita Ingibjörg Rafnar, umboðsmaður barna, Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands, Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs Reykjavíkurborgar samning um stofnun Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna.

### Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd

Í júní 2007 var undirritaður samningur milli umboðsmanns barna og félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um aðild og stuðning við Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd við félagsráðgjafarskor Háskóla Íslands. Rannsóknasetrið var stofnað árið 2005 og er hlutverk þess að auka og efla rannsóknir í félagsráðgjöf á sviði barna- og fjölskylduverndar.<sup>47</sup>

<sup>47</sup> Heimasiða rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd er [www.rbf.is](http://www.rbf.is).

## Umboðsmaður barna leigir listaverk eftir börn

Síðastliðin ár hafa myndir eftir börn sem tekið hafa þátt í listasmiðjunni Gagn og gaman í Gerðubergi prýtt veggjaskrifstofu umboðsmanns barna. Í janúar 2007 var undirritaður fyrsti formlegi samningurinn um leigu á listaverkum sem börn höfðu unnið í listasmiðjunni. Verkin sem um ræðir eru úr ýmsum myndaseríum sem unnar hafa verið á árunum 1988-2004 og prýða nokkur þeirra ársskýrslu þessa. Jafnframt veitti umboðsmaður barna Gerðubergi styrk til að vinna að skýrslu um listasmiðjuna og undirbúa ráðstefnu um barnamenningu og rétt barna til menningar um mitt ár 2008.



Á myndinni undirrita Ingibjörg Rafnar, umboðsmaður barna og Elísabet B. Þórisdóttir, framkvæmdastjóri Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs fyrsta formlega samninginn um leigu á listaverkum eftir börn.



Verk eftir börn sem tóku þátt í listasmiðjunni Gagn og gaman í Gerðubergi.

# Kynning og fræðsla

Samkvæmt e - lið 2. mgr. 3.gr. laga um umboðsmann barna nr.83/1994 skal embættið stuðla að því að kynna fyrir almenningi löggjöf og aðrar réttarreglur er varða börn og ungmenni. Kynning á hlutverki og starfsemi embættisins sem og fræðsla um réttindi barna á öllum sviðum er því veigamikill þáttur í starfinu ár hvert. Sú fræðsla fer fram með ýmsum hætti svo sem með heimsóknum í skóla og leikskóla, til félagsamtaka og stofnana og með erindum og ræðum á fundum og ráðstefnum, sbr. samantekt í viðauka. Heimasíða embættisins gegnir æ ríkara hlutverki að þessu leyti og hefur hún verið endurbætt eins og áður hefur verið fjallað um.

Fjölmiðlar hafa alla tíð leitað mikið til embættisins eftir upplýsingum og/eða afstöðu umboðsmanns til ýmissa mála. Þá hefur færst mjög í vöxt að nemendum á framhalds- og háskólastigi leiti eftir upplýsingum og leiðbeiningum hjá starfsmönnum embættisins.

## Útgefið efni

### Verndum bernskuna

Til að ljúka átaksverkefninu Verndum bernskuna sem forsætisráðuneytið, Þjóðkirkjan, Velferðarsjóður barna, umboðsmaður barna og Heimili og skóli stóðu að frá september 2005 - til júní 2006 verða heilræði átaksverkefnisins gefin út á segulspjaldi sem dreift verður nú á haustdögum 2007.

### Hvenær má ég hvað?

Umboðsmaður barna hefur gefið út veggspjaldið Hvenær má ég hvað?. Veggspjaldið hefur að geyma nokkur dæmi um ákvæði íslenskra laga um réttindi og skyldur barna og unglunga. Veggspjaldinu var dreift til skóla, félagsmiðstöðva og fleiri stofnana og félagsamtaka í ágúst 2007. Hönnuður þess er Örn Smári Gíslason, grafískur hönnuður.

### Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Umboðsmaður barna hafði frumkvæði að samstarfi embættisins, Barnaheilla og Unicef á Íslandi um kynningu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Í júlí s.l. hófst undirbúningsvinna að gerð veggspjalds og kennsluleiðbeininga um réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum eins og hann er oftast nefndur og verður efninu dreift til skóla. Þá er ætlunin að þessir samstarfsaðilar komi að frekari kynningu á Barnasáttmálanum.



# HVENÆR MÁ ÉG HVAÐ?

## NOKKUR DÆMI UM RÉTTINDI ÞÍN OG SKYLDUR SAMKVÆMT ÍSLENSKUM LÖGUM

Í 3. MÁLSGREIN 76. GREINAR STJÓRNARSKRÁRINNAR SEGR: "BÖRNUM SKAL TRYGGD SÚ VERND OG UMÖNNUN SEM VELFERÐ HEIRRA KREFFT"

<p><b>Börnum ber að fara eftir lögum og reglum samfélagsins eins og öllum öðrum. Þóð og bönn laganna hafa tilgang. Þau eru sett til þess að skapa betra og öruggara samfélag – fyrir aukin líf. Nema mið umferðarlög, almenn hegningarlög, barnaverndarlög, barnalög og lögfræðisög. Sérstök lög gilda um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla auk þess sem settar hafa verið smær reglugerðir um þessi skólastig.</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Í grunnskólalögum segir t.d. að nemendum beri að hlíta fyrirséðum kenningu og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skilann varðar, fara eftir skólaeignum og fylgja almennum umgengingisreglum í samráðingum við starfsmann og skólastykin.</li><li>• Í almennum hegningarlögum segir t.d. að hver, sem óþyrfti eða skemmti eigin annars manns eða svigrar hann þenn, skal sata sektum eða fangelsi.</li></ul> <p>Börnum verður ekki nefnd fyrir lögbrót með sama hætti og fullorðnum fyrr en þau verða sakhaf 15 ára. Lögbrót barna geta hins vegar kallad á afskipti barnaverndaryfirvalda og börn geta orðið skaðabætt við ef þau valda tjóni með ólögmætum hætti.</p> <p>Öllum – börnum jafnt sem fullorðnum – ber að koma fram við aðra af kurteisni, tillitsemi og virðingu enda er það lykillinn að farsælu samfélagi.</p>	<p><b>16 ára</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Skólaskylda lýkur við 16 ára aldur. Allir þeir sem hafa lokið grunnskólanámi eða hafið jafngilda undirskráðum eriga þess kost að hefja nám í framhaldsskóla.</li><li>• Sá sem er orðinn 16 ára getur haft öllum réttindum (þinggjafingur) og tekið þátt í stjórnsýslu.</li><li>• 16 ára unglingur getur ákveðið sjálfur hvort hann vill ganga í trúfélag eða segja sig úr því.</li><li>• Sá sem er orðinn 16 ára getur skrifað sig í unglingahreyfingu sjóðmálafélags.</li><li>• Við 16 ára aldur verða unglingar sjálfstærð þjónustugætt heilbrigðisráðgjafi. Þeir geta því leitað læknis á samþykki eða vilundar foreldra og læknis er skyldugur til að upplýsa þá um ástand, meðferð og hefur þeirra.</li><li>• Í þyrjun þess árs sem unglingur verður 16 ára, fær hann sent skilmort frá ríkisskattstjóra, þar sem honum ber að borga fullan skatt af launum sínum eins og fullorðinn. Einnig er honum skilyrt að greiða löggað af tekjum í líffélagi. Hann getur átt rétt á áhruvalgráðningi og örorkubætur ef hann er óvirkur þar sem hann getur átt rétt á skyldum úr almennu atvinnuleysisbætur ef hann slást við líffélagið.</li><li>• Reglur laga um útivistartíma gilda ekki um unglunga sem eru 16 ára á árinu. Unglingar ber að fara eftir þeim reglum sem foreldrar setja.</li></ul>
<p><b>12 ára</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• 12 ára barn á, eftir því sem kostur er, rétt á því að lita sig um þá læknismeðferð sem læknir vill veita því.</li><li>• Aðvilt skal gefa barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að lita sig um meðferð eða úrráð barnsverndar í máli þess.</li><li>• Til að aettleiða barn þarf samþykki þess ef það er orðið 12 ára.</li><li>• Til að breyta nafni barns þarf samþykki þess eftir 12 ára aldur.</li></ul>	<p><b>17 ára</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Sá sem er orðinn 17 ára getur tekið þilpróf eða þilpróf á biðljófi. Sá sem hefur slíkt þilpróf má aka forfarastækjum, svo sem vélum, þilprófum eða þilprófum.</li><li>• 17 ára unglingur má stunda áhugaálfun að upplýftum skilydum um mentun, heilbrigði og háfr.</li></ul>
<p><b>10-18 ára</b></p> <p>Þú ert ólögðá þar til þú nærst 18 ára aldri. Í því felst að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Þú átt rétt á forsjá, umhyggju og virðingu foreldra þinna.</li><li>• Foreldrar þínir eiga rétt á og þer þa skylda að taka ákvarðanir fyrir þína hönd í veigamiklum málum.</li><li>• Þú átt rétt á að þakka báða foreldra þína og umgangast þá báða, jafnvel þó þeir þú ekki saman.</li><li>• Foreldrum þínum ber skylda til að vernda þig gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og andrari vanrindarháttum. Foreldrar mega ekki betta börn sín ofbeldi.</li><li>• Foreldrar þínir eiga að hafa samráð við þig áður en þer taka ákvarðanir um mál, sem þig varða eftir því sem aldur þinn og þroski gefa tilfelli til. Aftasta þín á að fá aukiló vangi eftir því sem þú eldist og þroskast.</li><li>• Þú átt rétt á því að foreldrar þínir framfari þig þangað til þú verður 18 ára. Foreldrar þínir eiga því að sjá þér fyrir húsnáð, fæði, klæði og öllum nauðsynjum. Ef foreldrar þínir skilja eða sitla sambúð á það foreldri sem þú átt ekki lögheimili þjá að borga meðlag sem nota á til framfaris þínnar.</li><li>• Aðrir sem koma að uppeldi þínu og umönnun skulu sjna þér virðingu og umhyggju.</li><li>• Þú raddir hvernig þú eyfir peningum sem þú hefur sjálfur unnið þér fyrir eða fengið að gjöf. Þetta gjöldir þú ekki ef um mikla peninga er að ræða. Algengast er að foreldrar þar með fjármál barna sína þar til þau verða 18 ára.</li><li>• Þú átt rétt á því að sýnda, nema þú sért ofær til þess að mati læknis.</li><li>• Þú mátt ekki stofna til skula.</li><li>• Þú mátt leita til barnaverndar ef þú býr við slamar aðstæður, sattr líli meðferð eða hefur orðið fyrir áreitni eða ofbeldi.</li><li>• Þú átt rétt á og þer er skyllt að sakja skóla á til skóla 6-16 ára.</li><li>• Þú átt rétt á að fara að sýnda, nema þú sért ofær til þess að mati læknis.</li><li>• Þú átt rétt á aðstoð fagfólks ef þú glimir við fóttur eða önnur sérstök vandamál.</li><li>• Þú átt rétt á löglegu í sveitarfélagi þínu til vendar andlegu og líkamlegu heilbrigði þínu.</li><li>• Þú átt rétt á því að hafa foreldra þína eða aðra sem þer eru ríkarnær hjá þér ef þú deulir á sjúkrahúsi.</li><li>• Þú mátt ekki leita gæra á þig höfðurl eða gata líkamann án leyfis forelra.</li></ul>	<p><b>15 ára</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Þegar unglingur er orðinn 15 ára fær hann aukin réttindi í umferðum. Hann má eða barn sem er yngri en sjó ára ef hann er vanur hjólaíðnaðar og sérstakt sæti er fyrir barnið í hjólinu. Annars er alltaf þess að reida farþega á hjóli. Hann má taka þilpróf á leiti biðljófi (skellinöðru). 15 ára unglingur sem er fatlaður getur fengið óskutindi til að stjórna hægðarfólkunum ókutækjum fyrir fatlaða.</li><li>• 15-17 ára unglingur mega vinna lét stórf í allt að 2 klst. á dag ef þer eru í skýldunum. Þer mega ekki vinna á milli kl. 22 á kvöldin til kl. 6 á morgnana. Þer eiga rétt á a.m.k. 14 klst. hvíli á sólarhring ef þer eru ekki í skýldunum.</li><li>• 15 ára unglunga má ræða til að gata barna, samkvæmt tulum Vinnuleysisins.</li><li>• Þegar unglingur nær 15 ára aldri verður hann sjálfstærð aðli barnaverndarmáts.</li><li>• Unglingur verða sakhaf 15 ára gamlir það byðir að það má refa þeim ef þer fremja afbrót. Það má handtaka þig og ungrakla í gæsluheimild en þá þarf að tilkynna barnaverndarmefnd og foreldrum um það vegna þess að sérlegur gilda um afbrót unglunga til 18 ára aldurs.</li><li>• Kynferðislegur lögmarkaður er 15 ár á Íslandi, skv. almennum hegningarlögum. Það er því refsverft að stunda kynlíf með einvaltingi sem er yngri en 15 ára. Þetta lagakvæði miðar fyrst og fremst að því að vernda börn og unglunga fyrir morðmordum eða eitra fólks, sem vill nýta sér þroska- og reynsluleysi barnanna, en ekki að leggja refsing við kynferðisökum jafnaðra.</li></ul>
<p><b>Barn, sem myndad getur eigin skólanis, á rétt á því að leita þar frjálslega ljóss í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmæt tillit til skóla hans í samræmi við áður þess og þroska.</b></p> <p>• Barn sem hefur náð naglegnum þroska hefur t.d. rétt á því að þil sig ef foreldrar deila um forsjá eða umgenging.</p> <p>• Nemendaráð grunnskóla eru mikilvægur vettvangur fyrir nemendum til að koma skólum sínum á skólafarngu og hagsmunamálum sínum á framfari.</p> <p>• Í mörgum sveitarfélögum hafa verið stofnað sérstök ungmennaráð sem sveitarstjórnir getur ráðfær sig við, til að hjálpa skólanum barna og unglunga á ýmsum málum.</p>	<p><b>18 ára</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Sá sem er orðinn 18 ára er lögðá, þ.e. sjálfstærð og fjáfrá.</li><li>• Hann raddir því hvað hann tekur sér fyrir hendur og hvar hann býr.</li><li>• Hann raddir hvernig hann ráðstafar eignum sínum og peningum og ber ábyrgð á peningaskýldum sínum.</li><li>• Framfarisskylda foreldra lýkur almennt við 18 ára aldurnum.</li><li>• Við 18 ára aldur má ganga í hjónaband / stöðfesta samstí.</li><li>• Sá sem er orðinn 18 ára hefur kosningarrétt og má bjóða sig fram til Alþingis og sveitarstjórna.</li><li>• Sá sem er orðinn 18 ára má kaupa tóbak.</li></ul> <p><b>Sá sem er orðinn 18 ára hefur sem sagt sömu réttindi og skyldur og fullorðin fólk, nema:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Hann má ekki kaupa afengingur fyrir en hann er orðinn 20 ára.</li><li>• Hann má hvorki nota né eiga skófan fyrir en hann er orðinn 20 ára.</li><li>• Svo eru nokkur sérakvæði, t.d. varðandi áttelingslag, skipun dómara og forseta.</li></ul>
<p><b>Barn, sem myndad getur eigin skólanis, á rétt á því að leita þar frjálslega ljóss í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmæt tillit til skóla hans í samræmi við áður þess og þroska.</b></p> <p>• Barn sem hefur náð naglegnum þroska hefur t.d. rétt á því að þil sig ef foreldrar deila um forsjá eða umgenging.</p> <p>• Nemendaráð grunnskóla eru mikilvægur vettvangur fyrir nemendum til að koma skólum sínum á skólafarngu og hagsmunamálum sínum á framfari.</p> <p>• Í mörgum sveitarfélögum hafa verið stofnað sérstök ungmennaráð sem sveitarstjórnir getur ráðfær sig við, til að hjálpa skólanum barna og unglunga á ýmsum málum.</p>	<p><b>Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna</b></p> <p>Barnasáttmálanum er ætlað að tryggja öllum börnum og unglingum undir 18 ára aldri samstí mannréttindi, höfð réttindum hinna fullorðna.</p> <p><b>Umboðsmaður barna</b></p> <p>Umboðsmaður barna vinnur að því að bæta hag barna og unglunga og getur þess að tekið þátt í réttséðri bærni og hagnema þeirra á öllum sviðum samfélagsins. Umboðsmaður barna er ekki ætlað að eigna sér af nafni einstakra barna. Hins vegar heilbein umboðsmaður eða stöðfesta barn, öllum sem til áhrifaþarfur leita um hvert hægt er að eigna sér til að fá ástoð við að leypa sin má.</p>



## Lagabreytingar til hagsbóta fyrir börn og fjölskyldur þeirra

Hér að framan hefur verið fjallað um ýmsar lagabreytingar sem fela í sér réttarbætur fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Umboðsmaður barna vill vekja athygli á fleiri breytingum sem gerðar hafa verið á lögum á síðustu misserum og varða hagsmuni barna:

### Grunnskólalög

Í janúar 2007 tóku gildi lög nr. 98/2006 sem samþykkt voru á Alþingi vorið 2006, um breytingu á grunnskólalögum. Umboðsmaður barna vill sérstaklega vekja athygli á þessum breytingum:

- Skerpt er á lögbundnum umsagnarrétti foreldraráða þannig að hann nái til fyrirhugaðra meiriháttar breytinga á skólahaldi og starfsemi skóla.
- Sérstök áhersla er lögð á aukin áhrif nemenda á skólastarfið með því að lögbinda að við hvern grunnskóla skuli starfa nemendaráð og því ætlað aukið hlutverk.
- Lögfest eru ákvæði er varða námsumhverfi nemenda, öryggi og vellíðan þeirra í skólastarfi.
- Málsmeðferðarreglur eru gerðar skýrari, auk þess sem orðalagi í nokkrum greinum er breytt eða það gert skýrara.<sup>48</sup>

### Æskulýðslög

Ný æskulýðslög nr. 70/2007 voru samþykkt í mars 2007. Í lögnum er í fyrsta skipti lagt að sveitarstjórnnum að hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð í sveitarfélögum. Embætti umboðsmanns barna hefur lengi barist fyrir því að sveitarstjórnnum verði gert skylt að setja á laggirnar ungmennaráð og fagnar því samþykkt hinna nýju laga. Virk þátttaka barna í samfélaginu er mikilvæg svo þau nái að þroskast sem best og verði ábyrgir borgarar. Þátttaka barna er ekki síður mikilvæg svo þeir sem eldri eru fái notið hinnar einstöku sýnar þeirra á nánasta umhverfi sitt.

<sup>48</sup> Sjá lög nr. 98/2006 á [www.althingi.is](http://www.althingi.is) undir liðnum lög samþykkt á Alþingi.

<sup>49</sup> Lögín má nálgast á [www.althingi.is](http://www.althingi.is) undir liðnum lög samþykkt á Alþingi.

### Ættleiðingarstyrkir

Á Alþingi var samþykkt frumvarp félagsmálaráðherra um ættleiðingarstyrki sbr. lög nr. 152/2006. Rétt til styrks eiga þeir kjörforeldrar barna sem ættleidd eru frá og með 1. janúar 2007 og hafa fengið útgefið forsamþykki í samræmi við lög um ættleiðingar.

### Breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof

Í janúar 2007 tóku gildi breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og tryggja þær samræmingu greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði annars vegar og umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð hins vegar, sbr. lög nr. 155/2006. Fram til þessa hafa þessar greiðslur ekki farið saman, en nú hefur verið úr því bætt enda mismunandi tilgangur að baki greiðslunum. Greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði er ætlað að mæta tekjumissi foreldra er þeir annast barn sitt í fæðingarorlofi, en umönnunargreiðslum er ætlað að mæta útgjöldum fjölskyldna sem rekja má til veikinda eða fötlunar barna.

### Ný lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum

Ný lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum tóku gildi í júlí 2006, sbr. lög nr. 62/2006. Þau banna að ungmennum undir lögræðisaldri séu sýndar ofbeldiskvikmyndir eða tölvuleikir sem ógnað geta velferð þeirra, þó þannig að allar kvikmyndir má hafa til sýningar opinberlega fyrir börn sem náð hafa 14 ára aldri, enda horfi þau á myndina í fylgd foreldris eða forsjáraðila. Þá er jafnframt bönnuð sala og önnur dreifing á slíku efni til barna undir lögræðisaldri.

Nýtt samevrópskt flokkunarkerfi PEGI hefur verið tekið upp sem ætlað er að tryggja að ólöggráða börn fari ekki í leiki sem ekki eru við hæfi þeirra aldurshóps. Flokkunarkerfið byggir á tveimur aðskildum en samverkandi þáttum, annars vegar aldursflokkun 3+, 7+, 12+, 16+ og 18+ og hins vegar efnisvísun sem eru myndtákn aftan á hulstri leiksins og lýsa innihaldi hans. Saman gera aldursflokkunin og efnisvísarnir foreldrum og öðrum sem kaupa leiki handa börnum kleift að tryggja að leikurinn hæfi aldri barnanna.<sup>49</sup>

### Greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna

Lög nr. 22/2006, sjá umfjöllun í kaflanum hér að framan um heilbrigðismál.





Verk eftir börn sem tóku þátt í listasmíðjunni  
Gagn og gaman í Gerðubergi.

## Viðauki

### Heimsóknir:

Bæði einstaklingar og fulltrúar stofnana og félagasamtaka heimsóttu skrifstofu umboðsmanns barna á tíma-  
bilinu. Þá heimsóttu umboðsmaður barna og starfsmenn ýmsar stofnanir og félagssamtök á árinu. Má þar nefna:

- Barnaheill
- BUGL - barna- og unglingsgeðdeild Landsspítala háskólasjúkrahúss
- Manngildissvið Reykjanesbæjar
- Barnaráðið í Kaupmannahöfn
- Forvarnahús Sjóvá
- Leikskólann Tjarnarsel, Reykjanesbæ
- Náttúruleikskólann Hvarf, Kópavogi
- Réttarholtsskóla
- Sérnámsbraut Borgarholtsskóla
- Sjónarhól
- Landssamtökin Heimili og skóla

### Fundir og ráðstefnur:

Umboðsmaður barna og starfsmenn embættisins sóttu fjölmarga fundi og ráðstefnur um málefni barna og ung-  
menna. Má meðal annars nefna:

### 2006

- „Grunnskólabörn með langvinnan heilsuvanda.“ Kynning á rannsókn Miðstöðvar heilsuverndar barna um heilsufar barna (janúar).
- „Tölvufíkn ungs fólks.“ Fræðslufundur samstarfshópsins Náum áttum (janúar).
- „Stöðvum barnaklám á netinu – lög og tækni.“ Ráðstefna Barnaheilla (janúar).
- „Allt hefur áhrif – einkum við sjálf.“ Ráðstefna Lýðheilsu-  
stöðvar (janúar).
- Kynningarfundur á sáttamiðlun og sáttameðferð fyrir dómstólum (febrúar).
- „Fjölskyldur barna með sérþarfir.“ Ráðstefna Sjónarhóls (febrúar).
- „Staða leikskólans.“ Fundur á vegum menntamálaráðuneytis í Þjóðmenningarhúsi vegna endurskoðunar leikskólalaga (febrúar).
- „Börn og auglýsingar.“ Málþing sem umboðsmaður barna, talsmaður neytenda og Heimili og skóli stóðu fyrir (mars).
- „Hve glöð er vor æska.“ Ráðstefna um stöðu barna í íslensku samfélagi sem Garðabær, Mosfellsbær, Reykjanesbær og Seltjarnarnesbær stóðu fyrir í samvinnu við menntamála-  
ráðuneytið og Heimili og skóla (mars).
- Æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar. Umboðsmaður barna flutti erindi um barnarétt og foreldrarétt í Hallgrímskirkju (mars).
- „Hvað markar lífstíl unga fólksins og hvað kostar hann.“ Fræðslufundur samstarfshópsins Náum áttum (mars).
- „Kynning á aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og

kynferðislegu ofbeldi gegn börnum." Málstofa Barnaverndarstofu (mars).

- „Síbrotaunglingar - hvar eiga vondir að vera." Málþing FÍUM (apríl).
- „Hegðun, erfðir og umhverfi." XXI. vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins (maí).
- Opnun rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd (RBF) við Háskóla Íslands (maí).
- „Kærunefnd barnaverndarmála - helstu málaflokkar og starfsaðferðir." Málstofa Barnaverndarstofu (maí).
- Afhending foreldraverðlauna Heimilis og skóla (maí).
- „Þegar barn hleypur á brott, viðbrögð kerfisins og samstarfið við foreldra." Fræðslufundur samstarfshópsins Náum áttum (maí).
- „Að læra á lífið - lífsleikni í leik-, grunn- og framhaldsskólum." Ársþing áhugafólks um skólaþróun (maí).
- Heimsókn til Børnerådet í Kaupmannahöfn (ágúst).
- „Rannsóknarviðtöl við börn sem sætt hafa ofbeldi." Námsstefna Barnaverndarstofu (september).
- „Börn í vanda - sjónarhorn foreldra." Fræðslufundur samstarfshópsins Náum áttum (september).
- „Samtakamáttur foreldra í 20 ár." Afmælishátíð Vímulausrar æsku (september).
- „Nýtt réttarfar í sakamálum." Málþing Lögfræðingafélags Íslands (september).
- „Nýr alþjóðlegur samningur um réttindi fatlaðra - Réttarbætur eða fögur fyrirheit?." Fundur Mannréttindastofnunar (september).
- „Gildismat og velferð barna í neytlusamfélagi nútímans." Fundur í Skálholti á vegum Siðfræðistofnunar HÍ (september).
- Kynning á vegum Háskóla Íslands á nýrri rannsókn um klámnotkun unglunga (október).
- „Hvernig skóli, skilvirkur þjónn eða skapandi afl?" Málþing Kennaraháskóla Íslands (október).
- „Til hvers löggjöf um vinnu barna og unglunga?" Fundur v/ vinnuverndarviku Vinnueftirlitsins (október).
- Fundur með nemendum í 10. bekk Réttarholtsskóla. Umboðsmaður barna flutti ávarp um réttindi og skyldur nemenda (október).
- „Kynferðisbrot, ofbeldisbrot og miskabætur." Þjóðarspegill HÍ (október).
- „Raddir fatlaðra barna." Málþing á vegum Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum (nóvember).
- „Lengi býr að fyrstu gerð. Næring, vöxtur og forvarnir." Hausráðstefna miðstöðvar heilsuverndar barna (nóvember).
- „Mannhelgi á Íslandi." Málþing félags guðfræðinema við HÍ (nóvember).
- „Við, börnin og áföllin." Fundur á vegum Vídalínskirkju fyrir starfsfólk leikskóla í Garðabæ. Umboðsmaður barna hélt erindi (nóvember).
- „Aðstandendur og börn fanga." Fundur samráðsnefndar um málefni fanga (nóvember).
- „Lýðræði í skólasterfi, áhrif nemenda, foreldra og starfs-

fólks." Ársþing Samtaka áhugafólks um skólaþróun, umboðsmaður barna flutti erindi í málstofu (nóvember).

- „Ábyrgð og umfjöllun fjölmiðla um ofbeldi og vímuefnamál." Fræðslufundur samstarfshópsins Náum áttum (nóvember).
- „Framtíðarsýn í málefnum grunnskólans - ný grunnskólalög." Málþing á vegum menntamálaráðuneytis (nóvember).
- „Hvers konar mál flokkast undir barnaverndarmál?" Málstofa Barnaverndarstofu (nóvember).

## 2007

- Kynning á niðurstöðum rannsóknarinnar „Ungt fólk 2006" á vegum Menntamálaráðuneytis og Rannsóknar og greiningar (janúar).
- „Hver ræður för? Skólaganga barna með sérþarfir." Ráðstefna Sjónarhóls um skólamál barna með sérþarfir (febrúar).
- „Ungt fólk á ári jafnra tækifæra." Málþing Þroskahjálpar (febrúar).
- „Skóli á nýrri öld 2007. Ólíkir nemendur - ólíkar leiðir." Ráðstefna grunnskólakennara í Reykjavík (febrúar).
- „Heimsdagur barna" á Vetrahátíð í Gerðubergi (febrúar).
- „Þurfa blindir menntun?" Fundur Blindrafélagsins (febrúar).
- „Miðlun án landamæra, börn og óbein markaðssetning." Morgunverðarfundur Náum áttum, umboðsmaður með erindi (mars).
- „Í leikskóla er gaman en ... " Málþing á vegum Garðabæjar um börn, umboðsmaður barna með erindi (mars).
- „Fátækt í allsnægtarsamfélagi?." Málþing Félagsfræðingafélags Íslands (mars).
- „Innflytjendur og framhaldsskólinn." Ráðstefna KHÍ (mars).
- „Mótum framtíð." Ráðstefna félagsmálaráðuneytis um stefnu og strauma í félagslegri þjónustu, umboðsmaður barna fundarstjóri í málstofu (mars).
- „Réttur barna til foreldra." Astrid Lindgren málstofa á vegum Norræna hússins og sænska sendiráðsins, umboðsmaður barna með erindi (apríl).
- „Olbogabörn skólasamfélagsins - eru þau enn til?" Málþing FÍUM (apríl).
- „Einmana börn - liðan íslenskra barna og úrræði." Morgunverðarfundur Náum áttum, umboðsmaður barna fundarstjóri (apríl).
- Afhending lýðheilsuverðlauna 2007 til SAMAN - hópsins (apríl).
- Fundur á vegum Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands í Skálholti (apríl).
- „Hafa dómstólar slakað á sönnunarkröfum í kynferðisbrota-málum?" Fundur Lögfræðingafélagsins (apríl).
- „Börn og heilbrigði." XXII. vorámskeið Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins (maí).





## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Laugavegur 13 – Sími 552 8999 – Gjaldfrjálst númer 800 5999 – Fax 552 8966  
Netfang: [ub@barn.is](mailto:ub@barn.is) – Veffang: [www.barn.is](http://www.barn.is)